

Rýmið notað til hins ýtrasta

• fasteignir • hús

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Elvar Gunnarsson:

Gerir ástarsögu flækings og hóru

• myndar augnablik úr raunveru Leiknamum
SÍÐA 30 ▶



Kapólska og lútherska:

Munurinn felst í páfanum

• fátt skilur kirkjurnar að
SÍÐA 14 ▶



Íslandsmótið í badminton:

Helgi og Ragna unnu tvöfalt

• broddi næði í einn titil
SÍÐA 20 ▶



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. apríl 2005 – 89. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 VISIR

MÁNUDAGUR

ÓÐINN FRÉTTA-STJÓRI

Markús Órn Antonsson hefur ráðið Óðin Jónsson fréttamann sem fréttastjóra Útvarps. Óðinn segir að ráðningin hafi komið sér á óvart. **Sjá síðu 2**




ÚRELTIR LÖGREGLUBÍLAR Sé miðað við þær reglur sem gilda um lögreglubifreiðar víða á Norðurlöndunum er meirihluti lögreglubifreiða hérlendis úreltur þrátt fyrir sérstakt átak í þessum málum. **Sjá síðu 2**

GJALDFRJÁLS LEIKSKÓLI Í KÓPAVOGI Bæjaryfirvöld í Kópavogi eru að skoða möguleikann á því að veita barnafjölskyldum gjaldfrjálsan leikskóla að sögn Gunnars I. Birgissonar. **Sjá síðu 4**

NJÓSNABÚNAÐUR Í TÖLVUM Gægju- og njósnabúnaður er sívaxandi vandamál í heimilistölvum. Búast má við að ný heimilistölva geti fengið í sig allt að 850 tölvuveitur og orma. **Sjá síðu 10**

VEDRID Í DAG



NORÐANÁTT og el fyrir norðan en bjart syðra. Vindur yfirleitt fremur hægur. Hiti 0-5 stig. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG



SNÆFELLI MÆTIR KEFLAVÍK Annar leikurinn í úrslitum InterSport-deildarinnar í körfubolta hefst klukkan 19. Snæfelli tekur á móti Keflavík.

Kvikmyndir	26	Myndlist	26
Tónlist	26	Íþróttir	18
Leikhús	26	Sjónvarp	28

Milljónir pílagríma streyma til Rómar

Andlát páfa hefur vakið mikil viðbrögð um gervalla heimsbyggðina. Búist er við að allt að tveim milljónum manna til Rómar.

PÁFINN Gríðarmiklar ráðstafanir hafa verið gerðar í Róm vegna væntanlegrar komu yfir tveggja milljóna pílagríma til borgarinnar til að votta páfanum virðingu sína þar sem lík hans verður á viðhafnarbörum í Péturskirkjunni í dag.

Háttsettir menn í stjórnmálum og innan kapólsku kirkjunnar vottuðu páfa virðingu sína í gær. Í dag fær almenningur að gera slíkt hið sama en lík páfa var flutt í Péturskirkjuna eftir afhöfnina í Vatíkaninu í gær. Hafa borgaryfirvöld gert sitt besta til að undirbúa borgina fyrir þær tvær milljónir pílagríma sem hófu að streyma til Rómar í gær vegna þess en verkefnið er gríðarlegt og óttast borgarstjórnin öngþveiti í dag og næstu daga.

Andlát Jóhannesar Páls páfa II hefur vakið mikil viðbrögð um



LÍK PÁFA Á VIÐHAFNARBÖRUM Fjölmargir innan og utan kapólsku kirkjunnar vottuðu páfa virðingu sína í gær.

gervalla heimsbyggðina og lýst hefur verið yfir þjóðarsorg í fjölmörgum löndum. Margir þjóðarleiðtogar hafa lýst yfir samúð sinni og er Ólafur Ragnar Grims-

son, forseti Íslands, meðal þeirra. Sendi hann Vatíkaninu skeyti þar sem segir að Íslendingar varðveiti kærar minningar um heimsókn páfa hingað til lands en Jóhannes Páll var fyrsti páfinn til að heimsækja landið. Það var árið 1989.

Biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson, sendi hugheilar samúðarkveðjur í nafni íslensku þjóðarinnar. „Heimsbyggðin horfir nú á eftir einum áhrifamesta leiðtoga samtímans. Áhrif hans voru langt út yfir hið rómversk-kapólska trúarsamfélag og má segja að þau hafi verið jafnt á sviði trúar, stjórnmála og siðmenningar.

Jóhannes Matthías Gíjzen, biskup kapólskra á Íslandi, minntist páfa sem stórmennis sem ræktaði skyldur sínar af alúð og natni.

Sjá síður 6, 8, 14 og 15.



BEÐIÐ Í DÓMKIRKJU KRISTS KONUNGS Fjölmenni var við síðdegismessu á ensku í kapólsku kirkjunni á Landakoti í gær. Sérstaklega var þess beðið að Jóhannes Páll páfi II njóti eillifrar sælu með hjörð Drottins.

Frumvarp um breytingar á fjarskiptalögum rætt í ríkisstjórn:

Símafyrirtækjum gert að hlera

FJARSKIPTALÖG Síminn býr yfir bún- aði til að hlera og taka upp símtöl. Samkvæmt frumvarpi um breytingar á fjarskiptalögum skulu öll fjarskiptafyrirtæki á Íslandi koma sér upp slíkum búnaði. Var frumvarpið rætt á fundi ríkisstjórnarinnar á föstudaginn.

Fjarskiptafyrirtæki skulu samkvæmt frumvarpinu tryggja að yfirvöld geti hlerað símtöl og aflað sér annarra löglegra gagna í fjarskiptanetum sínum eða fjarskiptabjónustu. Þá eigi fyrirtækin í þágu rannsókna opinberra mála og al-

mannaöryggis að varðveita gögn um fjarskiptaumferð notenda í eitt ár. Í þeim upplýsingum verði hægt að sjá hvert notandinn hringir, hver hringir í hann, hvenær og hversu lengi hann talaði. Þetta eigi einnig við um nettengingar sem verði auðkenndar hverjum kaupanda þjónustunnar með IP-tölu. Þá eigi að vera hægt að sjá hver tengist netinu og hvenær, magn gagnaflutnings hvort sem er til eða frá viðkomandi notanda og hvort hann hafi frumkvæði að tengingu eða ekki.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að framangreind breyting er gerð að ósk ríkislögreglustjóra. Mál komi oft til rannsóknar löngu eftir að refsiverð hegðun hafi átt sér stað og því sé nauðsynlegt að tryggja að sönnunargögn séu til staðar við upphaf rannsókna. Þá kemur fram að lögreglan rannsaki ekki mál nema fyrir liggja rökstuddur grunur um refsiverðan verknað.

Óheimilt verður að nota eða afhenda umræddar upplýsingar öðrum en lögreglu eða ákærvaldi. - bg

Valdar tilvitnanir Jóhannesar Páls

„Ljúkið upp dyrnum að ríki Krists.“

Október 1978 við víslu sína í embætti páfa

„Ég fell á kné og bið þú að snúa af vegi stríðs að vegi friðar.“

September 1979 í heimsókn á Írlandi

„Varðveitið traust yðar, látið ekki bugast, látið ekki hugfallast.“

Júní 1979 við messu í Póllandi

„Stríð er glæfaför sem enginn snýr aftur úr.“

Desember 1990 við upphaf Persaflóastríðsins



Brasilískur karlmaður:

Týndur í tvo daga

LÖGREGLUMÁL Um sjötu björgunar- sveitarmenn frá Árnessýslu leit-uðu í gær árangurslaust að 28 ára brasilískum karlmanni. Hann sást síðast á Stokks-eyri á laugardags- morgun.



RICARDO DANTAS

Leitað var á svæðinu frá Þorlákshöfn og austur að Þjórsá á bátum, svifnökkvum, einkaflugvél og þyrlu Landhelgisgæslunnar til rúmlega hálf tíu í gærkvöld. Óráð- ið er um framhald leitarinnar. - gag

75%

25-49 ára fólks lesa Fréttablaðið á föstudögum.*

Þetta er einhver efirsóttasti markhópur allrar verslunar og þjónustu.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ

VIKULEGAR SIGLINGAR
ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-
FRÁ EVRÓPU

Laugardagur
Kollafjörður / Færeyjar

591 3000



SPURNING DAGSINS

Gerður Kristný, ertu myrkfælin?

Já, ég er skíthráð við myrkrið en stundum hef ég á tilfinningunni að það sé líka hrætt við mig.

Gerður Kristný tekur þátt í samstarfi um norræna draugasögubók fyrir börn.



ÚR KÚABÚI

Formaður Landssambands kúabænda segir fyrirtekið Mjólku eiga að njóta sama réttar og aðrir. Það eigi ekki að njóta sér-réttinda og ekki megi niðast á því.

Landssamband kúabænda:

Mjólka gæti verið ólögleg

LANDBÚNAÐUR Formaður Landsambands kúabænda segir að skoða þurfi hvort starfsemi Mjólku samrýmist landslögum en fyrirtækið hyggst framleiða osta utan mjólkurkvóta og ríkisstyrkja.

Dórólfr Sveinsson formaður segir að við fyrstu sýn virðist sér sem áform Mjólku gangi ekki upp: Annars vegar þar sem niðurstaða dómstóla frá árinu 2003 sýni að í mjólkurkvóta felist aðgangur að innanlandsmarkaði, hins vegar þar sem afurðarstöð eigi að vera sjálfstæð gagnvart kúabændum sem við hana skipta, því hún eigi að hafa eftirlit með gæðum og mælingum á framleiðslumagni kúabúanna.

- gag

LÖGREGLUFRÉTTIR

BÍLVELTA VIÐ GATNABRÚN Bílvelta var í gær sunnudag við Gatnabrun, rétt austan við Vík. Ökumaður missti stjórn á bílnum og valt bifreiðin hálfu veltu og lenti á hvoli, en blautur snjó var á veginum. Ökumaðurinn slapp ómeiddur en bifreiðin er töluvert skemmd.

Ráðningin kom á óvart

FRÉTTASTJÓRI Óðinn Jónsson fréttamaður hefur verið ráðinn fréttastjóri Útvarps. Ekki er vitað til þess að fréttastjóri hafi áður verið ráðinn án tilstyrks útvarpsráðs.

Óðinn segir að ráðningin hafi komið sér á óvart en Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri hafði samband við hann í gær og spurði hvort umsókn hans stæði og hvort hann væri tilbúinn að taka starfið að sér. Óðinn játti því og hóf störf samstundis.

Óðinn var einn aðalgagnrýnandi Markúsar í fréttastjórarálinu. Hann segir að þeir hafi hreinsað andrúmsloftið og séu sáttir að fullu. „Mér finnst þetta karlmannlega að

verki staðið hjá útvarpsstjóra að ráða mig þrátt fyrir það sem á undan hefur gengið og met það mikils.“

Óðinn segir að sér hafi verið mjög vel tekið af þeim samstarfsmönnum sem hann ræddi við í gær og fékk að sögn mjög góðar viðtökur. Þá hlakki hann til að takast á við starfið.

Hann segir málið í kringum ráðningu fréttastjóra hafa verið hörmulegt og margir komi sárir undan því. Það verði verkefni hans að skapa frið og sátt.

- sgi

NÝR FRÉTTASTJÓRI
Óðinn Jónsson var ráðinn nýr fréttastjóri Útvarps í gær.



Meirihluti lög-reglubíla úreltur

Þrátt fyrir að mikið átak hafi hafist í bílamálum lögreglu árið 2000 er enn talsvert í land og eru tæplega 60 prósent allra bíla lögreglu fimm ára eða eldri. Fimm ár er úreltingartími lögreglubifreiða hjá nágrannaþjóðum.

LÖGREGLUMÁL Sé miðað við þær reglur sem gilda um lögreglubifreiðar víða á Norðurlöndunum er meirihluti lögreglubifreiða héraðs úreltur þrátt fyrir að sérstakt átak í bílamálum hafi nú staðið yfir í rúm fimm ár hjá Ríkislögreglustjóra. Eru þess dæmi að hér séu í notkun fimmtán ára gamlir bílar og allnokkrir sem keyrðir hafa verið vel yfir fimm hundruð þúsund kílómetra.

Þau tvö meginviðmið sem lögregluyfirvöld settu sér þegar átak um endurnýjun bílaflotans hófst fyrir fimm árum var að engir lögreglubílar yrðu eldri en fimm ára og engum ekið mikið meira en 300 þúsund kílómetra alls. Samkvæmt athugunum Fréttablaðsins eru enn rúmlega 90 ökutæki lögreglunnar í landinu árgærd 2000 eða eldri og elsti bíllinn sem enn er í umferð er frá árinu 1989.

Jón F. Bjartmarz hjá Ríkislögreglustjóra, sem hefur yfirumsjón með bílamálum lögreglu í landinu, segir þessar tölur fjarri lagi. Hið rétta sé að 42 ökutæki séu af árgærd 2000 eða eldri en bílafloti lögreglunnar telur alls rúmlega 150 bíla.

Samkvæmt skráum bílamíðstöðvar lögreglunnar eru um 15 bílar í notkun sem ekið hafa verið meira en 300 þúsund kílómetra og hefur blaðið heimildir fyrir því að allnokkrir þeirra séu komnir vel yfir fimm hundruð þúsund kílómetra akstur.

Óumdeilt er hins vegar meðal lögreglumanna að staðan hefur



FRÉTTABLAÐIÐ/PIRETUR

LÖGREGLAN Á BLÖNDUÓSI

Embættið hefur þrjá bíla til umráða. Tveir eru nýlegir en sá þriðji er tæplega tíu ára gamall Patrol jeppi. Embættið á Seyðisfirði hefur einnig þrjá bíla til umráða og sá nýjasti þeirra er fimm ára gamall.

batnað til muna hin síðustu ár og þá sérstaklega varðandi tækjábúnað. Jón segir fullan vilja að halda áfram uppbyggingu bílaflotans en skrefin séu minni en vonast var til í upphafi. „Ýmislegt hefur orðið til þess að endurnýjun er ekki eins hröð og við vildum. Flotinn var nánast alveg ónýtur þegar við tókum við árið 2000 og ýmis búnaður kominn vel til ára sinna. Einnig hefur hin síðari ár bæði verið á bílunum og rekstar-

kostnaðurinn aukist umfram það sem við áttum von á en við gælum engu að síður við að markmið okkar um að allur flotinn verði nýr og innan þeirra marka sem við setjum verði orðin að raunveruleika eftir þrjú til fjögur ár.“

Áætlað er að 23 ný ökutæki verði tekin í notkun á þessu ári og munu þá að líkindum síðustu svokölluðu „Svörtu maríurnar“ hverfa af vegum landsins.

albert@frettabladid.is



BLÓÐUGUR VETTVAENGUR

Lögreglumenn rannsaka hvers vegna óður maður gekk af göflunum í kirkju í gærmorgun.

Kirkjuathöfn í Stuttgart:

Myrti mann með sverði

DÝSKALAND Óður maður drap einn og særði þrjá alvarlega þegar hann gekk berserksgang í lúterskri kirkju í Stuttgart skömmu eftir að athöfn hófst þar í gærmorgun.

Sveiflaði maðurinn stóru sverði og lét sig engu skipta hver varð fyrir en um 40 manns sátu messuna.

Lögreglan í borginni handtók manninn sem er af erlendum uppruna en ekkert lá fyrir um ástæður verknadarins eða önnur smáatriði.

Sýni skilríki við kaup frelsiskorta:

Öll símakort verða skráð

FJARSKIPTALÖG Skyld verður að skrá alla notendur svokallaðra frelsiskorta, sem eru fyrirframgreidd farsímakort, verði frumvarp um breytingar á fjarskiptalögum samþykkt á Alþingi. Frelskort hafa hingað til verið seld án þess að skráning fari fram. Farsímanúmerin eru því ekki tengd einstaklingi. Við kaup símakorts skal kaupandi framvísa skilríkjum.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að þetta valdi vandkvæðum í rannsóknum lögreglu, einkum í tengslum við fíkniefnabrot. Einnig eigi það við hótanir t.d. með SMS-skilaboðum.

- bg

Fundur í stjórn Festingar var boðaður í gærkvöld:

Sáttaumleitanir í kringum Ker

VIÐSKIPTI Boðað var til fundar í stjórn Festingar í gærkvöld vegna deilna sem hafa staðið um hlutfjárakningu félagsins 22. mars sl. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vilja hluthafar vinda ofan af þeirri stöðu sem upp er komin í kringum félagið.

Festing rekur fasteignir dótturfélaga Kers, Olúfélagsins Essó og Samskipa. Innan Kers hefur ríkt óeining milli eigenda Grettis og Ólafs Ólafssonar, aðaleigenda Kers. Þau átök hafa náð inn í Festingu.

HLUTHAFAR Í KERI:

Ólafur Ólafsson 56%
Grettir* (minnihluti) 34%
Vogun (Hvalur hf.) 5%
Stjórnmendur 5%

*Sund 37,4%, Tryggingamiðstöðin 34,9%, Landsbankinn 17,4%, Nordic Partners 10%

Óttuðust eigendur Grettis að Ólafur næði að breyta valdahlutföllum í Keri þannig að hann myndi ráða yfir 2/3 hluta félagsins og gæti breytt samþykktum þess. Átti það að gerast í gegnum Festingu og því hafi hlutfjárakningin, þar sem Grettismenn næðu meirihluta í félaginu, verið löglegur varnarleikur.

Stjórnmendur Kers segja þetta misskilning og að ekki sé hægt að breyta valdahlutföllum í Keri í gegnum Festingu. Til þess þurfi að gefa út nýtt hlutfé í Keri og það sé ekki hægt nema með samþykki 2/3 hluthafa. Grettismenn ráði yfir rúmum 34% og því þurfi samþykki þeirra.

Taka á fyrir lögbansbeiðni á hlutfjárakninguna hjá Sýslumanninum í Reykjavík í dag. Í gær bjuggust menn við að þeirri beiðni yrði frestað væri vilji til að vinda ofan af málinu.

- bg



ÓLAFUR ÓLAFSSON

Er stærsti eigandi Kers. Óeining ríkir milli hans og hóps annarra eigenda félagsins. Reynt hefur verið að bera klæði á vopnin.

SCHWINN USA

Frontier FS AL Sport
Vandað 26" Álstell
Dömu og herra stell
21 gíra - m/dempurum
Verð 26.995.- stgr.

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSONULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

Landsbankinn fækkar um 100 netþjóna á sex mánuðum

BETRI TÖLVULAUSNIR

IBM netþjónar og VMware auka hagræðingu og sveigjanleika

Landsbanka Íslands tókst með IBM eServer xSeries netþjónum og VMware hugbúnaði að fækka um 100 netþjóna í starfsemi bankans á sex mánaða tímabili.

Mikil einföldun í rekstrarumhverfi

Ástæða þessarar miklu hagræðingar og einföldunar í rekstrarumhverfi er meðal annars sameining á netþjónum en VMware gerir Landsbankanum t.a.m. kleift að flytja sýndarvélur í fullri vinnslu á milli netþjóna án þess að þjónusta við tengda notendur rofni. Þannig er t.d. hægt að færa alla starfsemi af einum þjóni yfir á annan þegar þarf að stækka eða viðhalda án þjónusturofs. Þá er með skjótum hætti hægt að búa til sýndarnetþjóna með því að afrita nokkrar skrár en slíkt er ómetanlegt fyrir þróunar-, prófunar- og kennsluumhverfi.

„On Demand“ – Bætt við afli eftir þörfum

xSeries 445 netþjónar, oft kallaðir „brick“ eða „múrsteinar“, eru afar sveigjanlegir þar sem þeir gera fyrirtækjum kleift að bæta við afli eftir þörfum með einföldum hætti. Auk þess bjóða þeir upp á mikil afköst og rekstraröryggi vegna nýtingar tækni úr stórtölvuumhverfi IBM. Samkvæmt Gartner Group geta xSeries netþjónar verið allt að 70% hagkvæmari í rekstri en netþjónar frá samkeppnisaðilum.

Byltingarkenndur hugbúnaður fyrir Intel netþjóna

VMware er byltingarkenndur hugbúnaður fyrir Intel netþjóna sem býr til sýndarvélur og gerir mögulegt að flytja Intel netþjóna á milli véla án þess að vinnsla stöðvist. Hugbúnaðurinn er notaður jafnt fyrir smátölvur sem stærstu netþjóna en markmiðið er að lágmarka heildarkostnað við tölvureksturinn og hámarka umsjónarmöguleika, sveigjanleika og hagkvæmni.



Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Nýherja sem bjóða þér
faglega ráðgjöf við val á réttu lausninni.

Síminn er 569 7700 og netfangið er tolvulausnir@nyherji.is



Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 1.4.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	60,52	60,80
Sterlingspund GBP	114,19	114,75
Evra EUR	78,40	78,84
Dönsk króna DKK	10,52	10,58
Norsk króna NOK	9,57	9,63
Sænsk króna SEK	8,55	8,60
Japanskt jen JPY	0,56	0,57
SDR	XDR	91,37
		91,91

Gengisvísitala krónunnar
108,00 -0,07%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Formannskosning Samfylkingar: Vill málefnalega og dregilega baráttu

FORMANNSLAGUR „Ég vil hefja stutta baráttu, snarþa, málefnalega og dregilega,“ sagði Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, í gær þegar kosningaskrifstofa hans, sem hann kys að kalla starfsstöð, var opnuð að Ármúla 40. Formannslagur Samfylkingar stendur á milli þeirra Össurar og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur en hún opnaði kosningaskrifstofu sína 9. mars.

Össur segist ætla að sannfæra kjósendur sína með því að leggja

fram störf sín og stefnu auk þeirra breytinga sem hann vilji gera á innra starfi flokksins.

„Ég vil halda áfram að efla beint lýðræði innan flokksins eins og er gert með þessari beinu formannskosningu og var gert með Evrópukosningunni.“ Þá segist Össur vilja láta kjósa framkvæmdastjóra beint á landsfundi.

Össur segist bjartsýnn þrátt fyrir að hann hefji kosningabaráttu sína seint, þó að segja megi að tíminn sé svipaður og allt póli-



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Össur við opnun starfsstöðvar sinnar í gær.

tíska sviðið í Bretlandi og Danmörku noti í kosningabaráttu.

Landsfundur Samfylkingarinnar hefst 20. maí og verða úrslit formannskosninganna tilkynnt daginn eftir. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

FÍKNIEFNI TEKIN Lögreglan í Garðabæ fékk símtal snemma á sunnudagsmorgun þar sem kvartað var undan ófriði vegna ölvunnar í heimahúsi. Þegar lögregluna bar að garði varð hún vör við fíkniefnaneyslu og fann þá lítillræði af hassi og e-töflu ásamt áhöldum til fíkniefnaneyslu. Lagt var hald á fíkniefnin og fjórir voru handteknir og teknir inn til yfirheyrslu.

FÓR YFIR Á RAUÐU Harður árekstur varð á Akureyri rétt fyrir hádegi í gær þar sem bifreið var ekið inn í hlíðina á annarri bifreið. Ökumaður hafði ekki hirt um umferðarljós á gatnamótum og ók yfir á rauðu með áður nefndum afleiðingum. Engin slys urðu á fólki en önnur bifreiðin er gjörórnytt.

Stjórnarflokkarnir: Framsókn vill frían leikskóla

LEIKSKÓLI Óformlegar viðræður um gjaldfrjálsa leikskólagöngu fimm ára barna hafa farið fram milli ríkisstjórnarflokka.

Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknar, segir gjaldfrjálsan leikskóla lið í fjölskyldustefnu flokksins frá síðasta flokksþingi. Eftir eigi að útfæra hvort öllum börnum eða aðeins hluta þeirra verði í framtíðinni tryggður gjaldfrjáls leikskóli.

„Það þarf að skoða út frá upplýsingum sjónarmiðum með hagsmuni barnanna að leiðarljósi,“ segir Hjálmar. „Þegar til þess kemur þarf að ræða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga.“

- gag

Bílslys í Vatnsdal: Fimm flutt á sjúkrahús

LÖGREGLUMÁL Flytja þurfti fimm manns á spítala á Akureyri eftir útafakstur fólksbíls við Botna- staðabrekku í Vatnsdal. Reyndist fólkið þó ekki alvarlega slasað þegar til kom en óttast var í upphafi að um beinbrot hefði verið að ræða hjá einhverjum þeirra. Að sögn lögreglu á Blönduósi var bíll fólksins nánast ónýtur og mildi að ekki fór verr. Tildrög slyssins voru ókunn en færð var með ágætum þegar atvikið átti sér stað.

- aðe

LÖGREGLUFRÉTTIR

HRAÐAKSTUR OG ÖLVUN Lögreglan í Keflavík stöðvaði einn ökumann aðfaranótt sunnudagsins vegna gruns um ölvun við akstur. Jafnramt var einn ökumaður kærður vegna hraðaksturs á Reykjanesbraut. Mældur hraði var 118 km þar sem hámarkshraði er 90 km.



LEIKSKÓLABÖRN AÐ LEIK

Bæjarstjóri Mosfellsbæjar segir misjafna stöðu sveitarfélaganna endurspeglast í útspili borgarinnar um gjaldfrjálsan leikskóla. Formaður bæjarráðs Kópavogs segir sveitarfélögin ekki hafa efni á fríum leikskóla. Það eigi líka við um Reykjavíkurborg.

Líkur á gjaldfrjálsu leikskóla í Kópavogi

Sveitarfélögin greiða um sjötíu prósent með leikskólagöngu barna. Reykjavíkurborg hefur tilkynnt að á næstu árum verði bilið brúað. Útspil borgarinnar ýtir á umræðu um slíkt innan annarra sveitarfélaga.

LEIKSKÓLI Kópavogsbær er að skoða möguleikann á því að veita barnafjölskyldum gjaldfrjálsan leikskóla, segir Gunnar I. Birgisson formaður bæjarráðs Kópavogsbæjar. Það var ákveðið áður en Reykjavíkurborg lagði fram sínar hugmyndir.

„Við höfum ekki ákveðið hvenær né hverjar áherslurnar verða,“ segir Gunnar. „Það er ljóst að gjaldfrjáls leikskóli kostar mikið en einnig er ljóst að bæjarfélögin greiða nú þegar sjötíu prósent með leikskólunum.“

Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri Seltjarnarnessbæjar, segir að ekki hafi verið rætt um gjaldfrjálsan leikskóla þar. Það verði eflaust gert. Garðabær, Hafnarfjörður og Mosfellsbær vilja að viðræður um að lækka leikskóla-kostnaðinn fari fram við ríkið.

Lúdvík Geirsson bæjarstjóri Hafnarfjarðar segir ákvörðun Reykjavíkurborgar að veita gjaldfrjálsan leikskóla eftir rúm fimm ár ýta við viðræðum milli sveitarfélaga og ríkisins. Í Hafnarfirði verði vel fylgst með þróun mála.

„Ég lít svo á að þessi mál verði aldrei klárð af alvöru nema um það sé samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga. Það er forsendan fyrir gjaldfrjálsu leikskóla,“ segir Lúdvík.

Ragnheiður Ríkhardsdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, segir ákvörðun Reykjavíkurborgar óheppilega. Mosfellsbær hafi ekki tekið neina ákvörðun um gjaldfrjálsan leikskóla.

„Ég tel að samningsstaða sveitarfélaga við ríkið hafi veikt við útspil Reykjavíkurborgar,“ segir Ragnheiður.

Ásdís Halla Bragadóttir, bæjarstjóri Garðabæjar, segir kosningaloforð sem meirihlutinn hafi gefið fyrir síðustu kosningar verða uppfyllt áður en ný loforð séu gefin.

„Okkur finnst ekki sanngjarnt gagnvart bæjarbúum að lofa einhverju hér og nú sem gerist í óráðinni framtíð þegar enginn veit hver verður við völd,“ segir Ásdís Halla.

Hún segir alla flokka á Alþingi hafa rætt hve mikilvægt sé að lækka leikskóla-kostnaðinn. Það hafi Ríkisstjórnarflokkarnir einnig gert en óformlega: „Mér finnst mjög mikilvægt að sveitarfélögin hagi sér ekki með þeim hætti að þau grafi undan samningsstöðu sveitarfélaganna.“

gag@frettabladid.is

ÁLIT FORELDRA

Fréttablaðið ræddi við nokkra foreldra á leikskólanum Hofi við Gullteig um stefnu Reykjavíkurborgar að bjóða gjaldfrjálsan leikskóla.



SARA MJÖLL OG VALA

Löngu tímabært

„Mér finnst framtíkið frábært,“ segir Vala Sveinsdóttir móðir Söru Mjallar. Gjaldfrjáls leikskóli sé löngu tímabært. „Leikskólagjöld eru það há á mánuði og það munar um hverja krónu fyrir þá sem hafa ekki mikið á milli handanna,“ segir Vala.



BERGÞÓRA OG ÞORBJÖRG

Borgin sjálfstæð

„Mér finnst ákvörðun Reykjavíkurborgar ekki koma öðrum sveitarfélögum við. Önnur sveitarfélög ákveða sjálf sitt útsvar. Þau eru mörg lægri en Reykjavík. Borgin hlýtur að geta ráðið sjálf hvernig hún ráðstafar sínu fé,“ segir Bergþóra Kristinsdóttir móðir Þorbjargar. Aðalmálið sé ekki hvenær gjaldfrjáls leikskóli verði að veruleika heldur að ákvörðuninni verði framfylgt.



TINNA OG MATTHÍAS

Gott fordæmi

„Mér list vel á gjaldfrjálsan leikskóla því hann jafnar aðstöðu barnafólks á við hina,“ segir Matthías Friðriksson faðir Tinna. „Mér finnst gott að borgin sýni öðrum sveitarfélögum fordæmi.“

Ný Fiat Panda



11.671 kr.*

– á mánuði. Verð frá 1.150.000 kr.

Fiat umboðið · Malarhöfða 2a
110 Reykjavík · Sími 570 9900 · www.fiat.is




Veðrið

Í dag

Vetur í bæ!
Það verður norðanát á landinu í dag, með bjartviðri syðra en lítilsháttar eljum fyrir norðan. Hittinn er enn á niðurlæið, en þótt víða verði hann við frostmark gæti hann náð 5 gráðum þar sem mest verður. Á morgun verður vindur fremur hægur nema við norðurströndina, þar sem má búast við einhverjum vindstreng. Á miðvikudaginn er svo útlit fyrir hvassviðri á landinu með snjókomu á austurhellingi landsins. Ætli þessi tíð myndi ekki teljast síðbúið páskahret?

Kveðja,
Guðrún
Arnardóttir
náttúrufræðingur.

Á morgun



Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	14°C sk.m.köflum	Glasgow	12°C sk.m.köflum	Osló	6°C skýjað
London	14°C sk.m.köflum	Stokkhólmur	13°C sk.m.köflum	Prag	17°C sk.m.köflum
Paris	14°C skýjað	Barcelona	16°C skýjað	Róm	16°C sk.m.köflum
Frankfurt	18°C sk.m.köflum	Helsinki	6°C skýjað	Amsterdam	13°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Tökum það með **trukki**

Landflutningar-Samskip í Kjararvoginum



Mikil ánægja ríkir meðal viðskiptamanna Landflutninga-Samskipa með nýjar bækkistöðvar fyrirtækisins í Kjararvogi. Fullkomin aðstaða í stærstu flutningamiðstöð landsins og nálægðin við Samskip hefur skapað skilyrði til þjónustu sem gerist ekki betri.

Við lítum björtum augum fram á veginn og hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

Mínum á nýtt símanúmer
458 8000

Landflutningar
SAMSKIP



KJÖRKASSINN

Var rétt hjá Auðuni Georg Ólafssyni að taka ekki starf fréttastjóra Útvarps?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	70%
Nei	30%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur fréttastofa Útvarps skaðast af fréttastjóramálinu?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Samúðarkveðja Ólafs Ragnars Grímssonar forseta Íslands: Vinarhugur í garð Íslendinga

PÁFINN Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sendi kaþólsku kirkjunni samúðarkveðju eftir að tilkynnt var að Jóhannes Páll páfi annar væri látinn.

Þar vottaði hann kaþólsku kirkjunni samúð sína, minnst heimsóknar páfa til Íslands og viðræðna við hann í Páfagarði í aðdraganda kristnitökuafmælisins á Íslandi árið 2000.

Per kveðjan hér á eftir:

„Ég votta kaþólsku kirkjunni einlæga samúð mína vegna andláts Jóhannesar Páls II páfa.

Íslendingar varðveita kærar minningar um heimsókn Hans Heilagleika til Íslands og ein-

stæða guðþjónustu sem fram fór á helgasta stað Íslands Þingvöllum þar sem Alþingi, elsta þjóðþing veraldar, var stofnað árið 930 og kristni var lögfest árið 1000. Jóhannes Páll varð fyrstur páfa til að heimsækja Ísland og þjóðin fagnaði honum innilega.“

„Ég minnst líka einlægra viðræðna okkar í Páfagarði fyrir fáeinum árum þegar ég ásamt herra Karli Sigurbjörnsyni biskupi Íslands bauð Hans Heilagleika að senda sérstaka fulltrúa til kristnihátíðar á Þingvöllum þegar Íslendingar minntust þess að þúsund ár voru

frá kristnitöku. Í þeim samræðum kom skírt fram vinarhugur hans í garð Íslendinga.

Jóhannes Páll II markaði djúp spor í baráttunni fyrir lýðræði og frelsi víða um heim og ferill hans mun verða talinn til merkustu tímabila í sögu kristinnar. Við andlát hans er þökk og samúð í hugum Íslendinga.“

-bps



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON
Hitti páfa í Páfagarði fyrir nokkrum árum og fann vinarhug hans í garð Íslendinga.

Páfa fólksins minnst víða um veröld

Milljónir um gjörvallan heim minnst Jóhannesar Páls páfa II í gær og hefur þjóðarsorg verið lýst yfir í mörgum löndum. Ákveðið verður á miðvikudag hvenær páfi verður jarðsunninn.

ANDLÁT Fjölmargin ráðamenn á Ítalíu og yfirmenn kaþólsku kirkjunnar vottuðu Jóhannesi Páli páfa II hinstu virðingu sína í Páfagarði í gær en þar lá lík hans á viðhafnarbörum. Fyrir um daginn höfðu þúsundir syrgt páfann í messu sem fram fór á Péturstorgi í Róm en andlátí hans var einnig minnst af hundruðum þúsunda víða um heim.

Í dag gefst almenningi einnig kostur á að votta virðingu sína í eigin persónu en lík páfa mun liggja við viðhöfn í Péturskirkjunni í Róm og er búist við að vel yfir milljón manns gripi tækifærið. Engar ákvarðanir hafa

enn verið teknar hvað jarðarförina varðar en samkvæmt upplýsingum úr Páfagarði verður dagsetning ákveðin á miðvikudaginn kemur.

Það var annar æðsti maður Páfagarðs, kardinálinn Angelo Sodano, sem messaði í stað páfa á Péturstorginu og hóf hann messuna á að biðja fyrir sál Jóhannesar Páls við dýnjandi lófatak áhorfenda en slíkt er merki um virðingu á Ítalíu.

Þjóðarsorg var lýst yfir víða um heim við andlát páfa. Kirkjuklukkum var hringt og miðnæturmessur haldnar í heimalandi páfa í Póllandi en Jóhannes Páll var einmitt fyrsti páfinn í rúmar fjórar aldir sem ekki var ítalskur. Voru áhrif hans að mörgu leyti meiri en nokkurs annars páfa á undan honum því að hann var duglegur að ferðast og kom víða við meðal annars hér á Íslandi.

Þjóðarsorg var lýst yfir í Brasilíu, Portúgal, Indónesíu, á Filippseyjum, Spáni og Kúbu og kaþólskir söfnuðir víða annars staðar flögguðu í hálfá stöng og minnst páfa með öðrum hætti.

Jóhannes Páll var 84 ára þegar hann lést vegna hjarta- og nýrnabilunar en hann hafði um hríð átt við veikindi að stríða. Hann var fæddur Karol Wojtyla og var á tíðum kallaður páfi fólksins vegna áhuga síns og baráttu fyrir þeim sem minna máttu sín. Hann var þekktur íþróttamaður á sínum fyrri árum og þótti þeim er til þekktu hann bæði hæverskur og dugmikill maður.

Nýr páfi verður ekki útnefndur fyrr en að nokkrum vikum liðnum en erkibiskupinn í Nígeríu, Francis Arinze, hefur oftast verið nefndur sem líklegur arftaki Jóhannesar Páls II. ■



PÁFANS MINNST Í VARSJÁ

Pólski biskupinn Pior Jarecki messaði undir berum himni í Varsjá í gær. Um hundruð þúsund manns mættu í messuna og minnst Jóhannesar Páls páfa annars.

Víðförrull páfi

Jóhannes Páll páfi II var afar víðförrull og ferðaðist til erlendra landa meira en hundruð sinnum og oft á tíðum til margra landa í einu.

Þau lönd sem páfi heimsótti oftast



GRAFÍK AP



MYND AP

PÁFINN SYRGÐUR

Aðeins 20 mínútur eftir lát hans sendi Páfagarður tilkynningu um atburðinn með SMS-skeytum og rafpósti.

Páfagarður tæknivæddur: Látíð tilkynnt með SMS

ÍTALÍA Páfagarður hefur ekki orðið út undan í tæknibyltingum nútímans sem sést best á því að Páfagarður tilkynnti öllum þeim er skráðir voru á þartilgerðan póstlista um lát Jóhannesar Páls páfa á SMS-skeytum og með rafrænum pósti.

Áriðandi skilaboð birtu öllum tæpum tuttugu mínútur eftir að læknar úrskurðuðu páfann látinn. Kom þar fram að hann hefði látist í íbúð sinni klukkan 19.37 þá um kvöldið og þar með lyki valdatíð Jóhannesar Páls II sem verið hefði páfi frá því í október 1978. ■



Ráðstefna um áhrif EES-samningsins á útrás íslenskra fyrirtækja innan Evrópu

Föstudaginn 8. apríl 2005

í ráðstefnusal Gullhamra í Reykjavík kl. 09:00 – 15:30

MEÐAL FYRIRLESTRA ERU:

Stofnsetningaréttur

Dr. Poiares Maduro, lögmaður Evrópuðómstólsins

EES-samningurinn og útrás Bakkavör Group hf.

Hildur Árnadóttir, fjármálastjóri Bakkavör Group hf

EES-samningurinn og eftirlit með fjármálastarfsemi

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins

Fjármagnsflæði fjárfestinga

Titus Van Stiphout, yfirlögfræðingur EFTA skrifstofunnar

Hlutverk EB- og EFTA dómstólsins í að tryggja frjálst flæði fjármagns

Dr. Carl Baudenbacher, forseti EFTA dómstólsins

Skráðu þig strax

Vinsamlega skráið þátttöku á vefslóðinni www.bifrost.is/radstefna eða með tölvupósti radstefna@bifrost.is

Verð með hádegisverði og öðrum veitingum er kr. 12.900,-



EVROPUNEFND
Á VEGUM
FORSÆTISRÁÐUNEYTIS



Nánari upplýsingar á www.bifrost.is

Yfirlýsing Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra:

Mikill maður genginn

PÁFINN „Með andlátí Jóhannesar Páls páfa annars en genginn mikill maður sem hafði mikil áhrif á mótun heims mála með framgangi sínum. Jóhannes Páll annar páfi eyddi meirihluta ferils síns við að hvetja til friðar og réttlætis og með fráfalli hans hefur heimsbyggðin misst mikinn andlegan leiðtoga,“ segir í yfirlýsingu Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra vegna fráfalls páfa.

„Ég átti því láni að fagna að hitta Jóhannes Pál páfa annan í tvígang. Hann kom mér fyrir

sjónir sem hlýr maður sem lét sér annnt um þá sem minna mega sín og það var ljóst að honum var annnt um að glæða almenna trúaríðkun nýju lífi. Páfi hafði líka þá sérstöðu fyrir okkur að vera eini páfinn sem kom til Íslands. Íslendingar minnst heimsóknar hans með hlýju og hans persónulega með virðingu.

Ég vil fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands votta kaþólsku kirkjunni og meðlimum hennar okkar dýpstu samúð.“

-bps



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON
Með fráfalli páfa hefur heimsbyggðin misst mikinn andlegan leiðtoga.

Ég losnaði sama dag og Bobby.

„Ég get ekkert í skák en ég get samt ímyndað mér hvernig það var fyrir Bobby Fischer að vera lokaður inni í 9 mánuði. Ég sat inni í 12 mánuði með takmarkað niðurhal og allt of lítinn hraða. Ég reyndi allt til að fá mig lausan fyrr, án árangurs. Kannski hefði ég átt að biðja þennan Sæmund um að tala við símafyrirtækið? En kvöldið sem Stöð 2 tók á móti Bobby í Range Rover tók Hive á móti mér með öllu því frelsi sem ótakmarkað niðurhal og háhraðatenging hefur upp á að bjóða. Það kallar maður alvöru móttökur.“

Guðmundur H. Guðmundsson
Hamraborg 26, 200 Kópavogur

Frítt
niðurhal
H8

H8 er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér ótakmarkað niðurhal, háhraða 8Mb ADSL tengingu og fullkominn tækjabúnað á aðeins 5.990 kr. á mánuði.

Hive.is Grensásvegur 16, 105 Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive





VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvenær settist Jóhannes Páll páfi annar á páfastól?
- 2 Hver hefur verið ráðinn fréttastjóri Útvarps?
- 3 Hver sigraði í Formúlu 1 keppinni í Baren?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Ólafur Skúlason biskup: Páfinn það fyrir mér

PÁFINN „Það var mjög áhrifamikil að fá páfa til Íslands,“ segir Ólafur Skúlason biskup sem var vígður biskup yfir Íslandi fáum vikum eftir að páfi kom til Íslands í júní-byrjun 1989. „Páfi hélt skínandi góða ræðu við messu á Þingvöllum og mér persónulega þótti náttúrulega mikið hnossgæti að hann nefndi mig með nafni sem næsta biskup Íslands. Hann bar nafnið mitt nokkuð vel fram og það sérstaklega fyrir mér.“

Ólafur segir Jóhannes Pál hafa verið mjög sérstakan mann þótt ekki hafi hann verið sammála öllum kenningum hans. „Hann var til dæmis mjög harður á því að prestar ættu ekki að fá að kvænast og ekki

vildi hann konur að yrðu prestar.“

Ólafur segist skilja mikinn áhuga Íslendinga, sem flestir eru lútherstrúar, á kaþólska páfanum. „Við höfum alla tíð verið svolítið veik fyrir kaþólsku kirkjunni. Þar hugsa ég að blandist inn í svolítið samviskubit yfir því að okkur er kennt um að Jón Arason var háls-höggvinn og hins vegar eimir enn af því að í kaþólskrri trú er ýmislegt gott, bænalíf er sterkt og leiðir vandlega markaðar fyrir fólk að fara eftir.“

- bps

ÓLAFUR SKÚLASON
Páfi það fyrir Ólafi í messu á Þingvöllum. Þá voru aðeins fáar vikur þar til Ólafur var vígður biskup.



ÁRSFUNDUR FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn í dag kl. 17.15 á Nordica Hotel, Suðurlandsbraut 2.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kosning stjórnar og varamanna
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins eru birtar á heimasíðu KB banka og eru aðgengilegar í höfuðstöðvum KB banka. Stjórn sjóðsins vill hvetja sjóðfélaga til að mæta á fundinn.



Allir voru jafnir í augum páfa

Jóhannes Matthías Gijsen, biskup kaþólskra á Íslandi, minnst Jóhannesar Páls páfa annars sem stórmennis. Hann hitti páfann nokkrum sinnum og segir hann hafa haft ágætis skopskyn.

PÁFINN „Jóhannes Páll páfi annar var stórmenni,“ segir Jóhannes Matthías Gijsen, biskup kaþólskra á Íslandi. „Hann var mjög meðvitaður um skyldur sínar. Hann var páfi, bæði opinberlega og í einkalífnum og hafði aðeins eitt markmið: að bera út boðskap Jesú Krists svo að allt fólk gæti verið öruggt og ánægt.“

Jóhannes Gijsen verður tíðrætt um umhyggju páfa fyrir fátækum í heiminum, baráttu hans fyrir friði á jörð og réttlæti öllum til handa. „Hann var ekki yfir aðra hafinn, allir voru jafnir í augum hans og hann gerði ekki mun á keisararum í Japan og fátækum manni í Ríó de Janeiro. Hann bar alveg sérstaka umhyggju fyrir lífinu frá upphafi til enda – fyrir ungum og öldnum.“

Þegar Gijsen var biskup í Hollandi fór hann nokkrum sinnum til Vatíkansins og hitti páfa. Hann segir hlýju hafa stafað frá honum. Hann minnst einnig ágætis skopskyns páfa, segir hann hafa slegið á létta strengi þegar svo bar undir.

„En fyrst og fremst var hann mikið stórmenni sem ræktaði skyldur sínar og ábyrgð af alúð og natni.“

Á sjötta þúsund manns eru í kaþólsku kirkjunni á Íslandi. Fjölmenni var við tvær messur í Kristskirkju á Landakoti í gær. Sérstaklega var þess beðið að Jóhannes Páll páfi II njóti eilífrar sælu með hjörð Drottins. Á miðvikudaginn verður biskupamessa til minningar um páfann í kirkjunni á Landakoti.

bjorn@frettabladid.is



MESSA Í KRISTSKIRKJU
Jóhannes Matthías Gijsen, biskup kaþólskra á Íslandi, messaði tvisvar í Kristskirkju á Landakoti í gær.

Kveðja Karls Sigurbjörnssonar biskups yfir Íslandi:

Andæfði „menningu dauðans“

PÁFINN „Heimsbyggðin horfir nú á eftir einum áhrifamesta leiðtoga samtímans. Áhrif hans voru langt út yfir hið rómversk-kaþólska trúarsamfélag og má segja að hafi verið jafnt á sviði trúar, stjórnmála og siðmenningar,“ segir herra Karl Sigurbjörnsson, biskup yfir Íslandi, í kveðju sinni á vef Kirkjunnar.

„Þegar hinn pólski Karol Wojtyła varð páfi blésu ferskir vindar um Vatíkanið. Hann var fyrsti páfinn í hálf túsund ára tímabilinu sem ekki var ítalskur. Kjör hans opnaði nýjar víddir, dýpkaði hinn alþjóðlega svip og sjálfsmynd kirkjunnar og því fylgdi hann vel eftir með ferðum sínum um heiminn og boðskap sínum í ræðu og riti.“

Síðar segir í kveðju biskups: „Hann hvatti til lotningar fyrir öllu sem lifir og vildi andæfa sérhverju því sem hann flokkaði undir „menningu dauðans“ í samtíðinni. Hann var eini páfinn sem stigið



KARL SIGURBJÖRNSSON
„Þegar hinn pólski Karol Wojtyła varð páfi blésu ferskir vindar um Vatíkanið,“ segir biskup meðal annars í kveðju sinni.

hefur á íslenska jörð. Íslendingar minnst heimsóknar hans hingað árið 1989 með þakklæti. Og hann minnst þeirrar heimsóknar með gleði, Ísland átti að sögn sérstakan sess í hjarta hans og fyrirbæni.

Ég vil í nafni íslensku þjóðkirkjunnar votta minningu Jóhannesar Páls páfa annars virðingu og þökk. Rómversk-kaþólsku kirkjunni á Íslandi sendi ég hugheilar samúðarkveðjur.“

Að auki sendi biskup Jóhannes Gijsen, biskupi kaþólskra á Íslandi, sérstakar samúðarkveðjur þar sem hann sagði meðal annars: „Engin rödd hljómaði skýrar en hans í þágu trúarinnar á Jesú Krist, virðingar fyrir lífinu, friði á jörðu, manni og mildi, sátt og virðingu milli trúarbragða. Til hinstu stundar leyndi sér ekki af hvílkri alvöru, trúarstyrk og heilindum hann gegndi hirðisþjónustu sinni og fullnaði hana í ást til Guðs og manna.“ -bps

Dubrovnik

Perla Adríahafsins Sérflug 12.-19. maí

frá kr. **39.990**

Dubrovnik er ein fegursta og sérstæðasta borg Króatíu. Farþegar okkar sem fóru þangað síðasta vor heilluðust af þessari stórkostlegu perlu og nágrenni hennar. Þann 12. maí n.k. bjóða Heimsferðir aftur glæsilega vorferð til Dubrovnik í sérflugi. Einstakt tækifæri til að upplifa árhundruða sögu og náttúrufergur þessarar einstöku perlu. Í boði eru spennandi kynnisferðir með fararstjórum Heimsferða, m.a. til nálægra eyja og til Svartfjallalands. Stórglæsilegir gistingukostir í boði.

Verð kr. **39.990**

Flugsæti með sköttum.
Netverð.

Verð kr. **73.890**

Flug, skattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn. M.v. 2 í herbergi á Hotel Komodor. Netverð.



LIVERPOOL - JUVENTUS

CHELSEA - BAYERN MUNCHEN



MEISTARADEILD EVRÓPU

Á morgun

18:30 Liverpool - Juventus
20:40 Lyon - PSV Eindhoven
18:30 Lyon - PSV Eindhoven (Sýn 2*)
20:40 Liverpool - Juventus (Sýn 2*)

Á miðvikudag

18:30 Chelsea - Bayern Munchen
20:40 AC Milan - Inter Milan
18:30 AC Milan - Inter Milan (Sýn 2*)
20:40 Chelsea - Bayern Munchen (Sýn 2*)

515 6100 • syn.is • Skífan • Og Vodafone

* Sýn 2 er eingöngu í Sportpakkanum á Digital Íslandi



– besta sætið



GÆSAGÖNGUGATAN Á AKUREYRI
Heiðargæs var á rölti um göngugötuna í miðbæ Akureyrar fyrir helgi. Hún truflaði umferð og vakti athygli og forvitni gangandi vegfarenda. Staldráði hún við nokkra búðarglugga en fór hvergi inn þótt dyr stæðu opnar.

Landssamband framsóknarkvenna: Vill markvissar aðgerðir forsætisráðherra

STJÓRNMÁL Landsstjórn Landssambands framsóknarkvenna skorar á forsætisráðherra sem er formaður flokksins að hefja markvissar aðgerðir til að ná fram launajafnrétti milli karla og kvenna.
Una María Óskarsdóttir, formaður Landssambandsins, segir launamun kynjanna þekktan. Hafa þurfi öflugt samráð um útrýmingu hans við aðila vinnumarkaðsins og Samband íslenskra sveitarfélaga.
„Að okkar mati þarf að gera auknar kröfur til stofnana ríkisins og ráðuneyta þess og mæla fyrir um

samræmdar aðferðir til þess að ná fram launajafnrétti kynjanna,“ segir Una María. Því sé biðlað til forsætisráðuneytisins.
Greint var frá því í október að karlar í Bandalagi háskólanna, BSRB og Kennarasambandi Íslands væru með sautján prósentum hærri heildarlaun á mánuði en starfsystur þeirra. Var horft til fólks með sömu menntun við sambærileg störf og vinnutíma. Fyrir tveimur árum höfðu konur hér á landi 79 prósent af launum karla sem er mesta bil kynja á Norðurlöndunum. - gag



FRAMSÓKNARKONUR Í SÓKN
Hér eru framsóknarkonurnar Bryndís Bjarnadóttir, Margrét Þórðardóttir, Sigrún Magnúsdóttir, Hildur Helga Gísladóttir og Una María Óskarsdóttir. Þær hafa ekki setið auðum höndum við flokksstarfið frá því að bakslag kom í jafnréttismál flokksins síðasta haust.

Suðurhluti Taílands: Tveir létust í sprengingu

ASÍA. AP Að minnsta kosti tveir létu lífið og aðrir fimmtán slösuðust þegar sprengjur sprungu á mismunandi stöðum í borginni Hat Yai í suðurhluta Taílands. Sprakk önnur í verslunarmiðstöð franska fyrirtækisins Carrefour en hin á aðalflugvelli borgarinnar og varð truflun á öllum flugsamgöngum vegna þessa um tíma.
Mikil óöld hefur verið á svæðinu síðan í janúar síðastliðnum en grunur leikur á að þar séu að verki öfgamenn úr hópum múslima en enginn hafði lýst ábyrgð á sprengingunum á hendur sér. ■

Fundur með iðnaðarráðherra: Húsvíkingar vilja álver

STÓRIÐJA Stór meirihluti íbúa á Húsavík og í Þingeyjarsýslu, eða 66%, er hlynntur því að álver risi í nágrenni Húsavíkur. Tæp 22% íbúa voru því andvíg en aðrir tóku ekki afstöðu. Valgerður Sværisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, kynnti niðurstöður könnunarinnar á opnum fundi með íbúum svæðisins í gærdeg.
Tæp 55% íbúa í kringum Húsavík eru hlynnt því að álver risi annars staðar á Norðurlandi. Helmingur íbúa er hlynntur því að virkja Skjálfafljótt og jarðvarma í Þingeyjarsýslu til að sjá álveri annars staðar á Norðurlandi fyrir raforku. Um 44% voru því hins vegar andvíg. Þessi niðurstaða kom Húsvíkingum svolítið á óvart, segir Valgerður. -bjg

Njósnaþúnaður í tölvum er vaxandi vandamál

Gægju- og njósnaþúnaður er sívaxandi vandamál í heimilistölvum. Búast má við að ný heimilistölva geti fengið í sig allt að 850 tölvuveirur og orma og hlaðið inn gægju- og njósnaþúnaði af ýmsu tagi á einni klukkustund sé hún litið varin. Tuttugu prósent heimilistölva hafa smitast af tölvuveirum.

TÖLVUR Gægju- og njósnaþúnaður er sívaxandi vandamál í heimilistölvum. Búast má við að ný heimilistölva geti fengið í sig allt að 850 tölvuveirur og orma og hlaðið inn gægju- og njósnaþúnaði af ýmsu tagi á einni klukkustund sé hún litið varin og netnotkunin óvarleg.
Bandarísk könnun hefur leitt í ljós nýlega að 20 prósent heimilistölva hafa smitast af veiru eða ormi og notendur hafa hlaðið inn auglýsingum og njósnaþúnaði í 80 prósent heimilistölva án þess að gera sér grein fyrir. Börn og unglingar eru veikust fyrir, óværan

kemur inn með forritum og leikjum sem hlaðið er inn af Netinu.
Kristinn Arnarson, ritstjóri Tölvuheims, segir að njósnaþúnaðurinn geti verið allt frá dúsúm sem skrá nethegðun notenda og veita upplýsingar um hana í forrit sem skrá það sem slegið er inn á lykklaborðið, til dæmis leyniorð, og senda til óprúttinna aðila.
„Dótt 85 prósent tölvanna hafi verið með veiruvörnabúnað uppsettan voru 67 prósent tölvanna ekki með nýjustu uppfærslurnar frá veiruvörnarmarkaðnum og gátu því ekki varist nýjustu tölvuveirunum. Heil 67 prósent



KRISTINN ARNARSON
Njósnaþúnaðurinn getur verið allt frá dúsúm sem skrá nethegðun notenda og veita upplýsingar um hana í forriti sem slegið er inn á lykklaborðið.



BJÖRN DAVÍÐSSON
Tölvunotandinn er oft plataður til að sækja hugbúnað og setja upp. Björn ráðleggur fólki að setja aldrei upp hugbúnað sem það þekkir ekki.

notenda eru svo ekki með eldvegg samkvæmt könnuninni, en slíkur búnaður getur hindrað utanaðkomandi aðgang að tölvum,“ segir hann.
Björn Davíðsson, þróunarstjóri hjá netfyrirtækinu Snerpu, kannast við þetta vandamál og segir að netnotandinn sé oft plataður til að sækja hugbúnað og setja upp. „Við ráðleggjum fólki að setja aldrei upp neinn hugbún-

ad sem það þekkir ekki,“ segir hann.
Björn lumar á ýmsum ráðum. Hann mælir til dæmis með því að keyra reglulega sænska forritið Ad-aware, sem er svipað og veiruvörnforrit og hægt að fá ókeypis á Netinu, setja upp millifærslulykilorð eins og hægt er að fá í netbókum og nota annað pósthforrit en Outlook, til dæmis Thunderbird. ghs@frettabladid.is

Hafa þú verið smitaður ekki eftir?

Niðurstaða: Þú sérð ekki eftir að spara með mér

Ég skal éta hattinn minn upp á það

Kynntu þér Sparibréf Landsbankans og aðrar sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Eyddu í sparnað.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is

Landssamband lögreglumanna ósátt við dóm: Telja verklagi lögreglunnar vera ógnað

DÓMSMÁL Landssamband lögreglumanna harmar dóm sem féll í máli lögreglumanns sem sakfelldur var í Héraðsdómi Reykjavíkur nýlega fyrir brot í starfi. Lögreglumaðurinn ók í veg fyrir bifhjól sem hann var að elta með þeim afleiðingum að maður á hjólinu slasaðist nokkuð og taldi héraðsdómur að lögreglumaðurinn hefði ekki fylgt reglum um neyðarakstur heldur af gáleysi stefnt öllum bifhjólum í hættu.
Landssambandið telur að lögreglumaðurinn hafi unnið starf sitt í samræmi við það verklag sem tíðkast hefur hjá lögreglunni og tekur fram að vinnuþverfi lögreglumanna sé oft á tíðum erfitt og algengt sé að þeir verði að taka ákvarðanir á ögurstundu. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar en Landssambandið óttast að sama dómsniðurstaða



HARMA DÓM
Landssamband lögreglumanna telur að lögreglumaðurinn sem dæmdur var fyrir brot í starfi hafi einungis verið að sinna skyldu sinni.

muni valda lögreglunni óvissu um hvernig eigi að stöðva bifreiðar sem sinna ekki stöðvunarkerkjum lögreglu. - kep

NEYÐIN Í DARFUR **Gleymd?**
Munið söfnunarsímann
907 2002

CIVIC

HONDA
The Power of Dreams

Veldu af skynsemi



Álfelgur eru aukabúnaður á mynd

VERÐLAUN: 5 STJÖRNUR Í ÁREKSTRARPRÓFUN NHTSA
4 STJÖRNUR Í ÁREKSTRARPRÓFUN EURO NCAP'S

→ Snaggaralegur, 4 dyra, sjálfskiptur á Honda-góðu verði frá

1.895.000 kr.

19.922 á mánuði*

* Blásamningur. Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðver á 84 mánuðum

HEK & NÚ / SIA



Í Honda Civic finnur þú allt sem þú leitar að í góðum bíl: Sparneytni, kraft, lipurð og einstaklega gott verð. Það fer vel um fjölskylduna í þessum snaggaralega bíl. Honda Civic er samnefni fyrir hagsýni - og verkfræðingar Honda hafa sannað að ekki þurfi að fórna ánægju í akstri fyrir hagsýni. **Honda Civic - skynsamlegt val á Honda-góðu verði.**

honda.is



EFTIRMÁL: BÆTT ÍMYND LEIKSKÓLANNNA

Leikskólarnir betri en áður

Árið 2000 gerðu Leikskólar Reykjavíkur skurk í ímyndarmálum sínum. Vegna erfiðleika í starfsmannahaldi var ákveðið að útbúa kynningarbæklinga um starfsemi leikskólanna og þjónustu þeirra auk þess sem auglýst var eftir starfsfólki.

„Þetta var einn hluti af stefnumótunarstarfi sem fór fram í lok tíunda áratugarins,“ segir Bergur Felixson, framkvæmdastjóri Leikskóla Reykjavíkur. „Árið 1997 spurðum við okkur hvernig leikskóla við vildum sjá árið 2002 og meðal þess sem við vildum bæta var starfsmannastefna. Það var mikil mannækla á þessum tíma enda þensluár. Ímyndaráttakið var liður í því að laða að starfsfólk, því fólk sækist síður eftir vinnu hjá fyrirtæki sem talað er illa um.“



Bergur segir að starfsfólk leikskólanna hafi tekið mikinn þátt í stefnumótunarstarfinu, meðal annars með bættu félagsstarfi, og árangur sé áþreifanlegur í dag. „Ég held að þetta hafi gert okkur að betra fyrirtæki og við veitum foreldrum og börnum betri þjónustu. Við fengum góða einkunn frá foreldrum í síðustu foreldrakönnun og finnum fyrir vaxandi ánægju meðal starfsmanna. Það má meðal annars merkja á því að starfsmannamálin eru í mun betra horfi núna en þau voru í lok tíunda áratugarins því við ráðum betur við samkeppnina.“

Bergur segir að vissulega sé enn of mikil hreyfing á starfsfólki og fleiri faglaerða leikskólakennara vanti, en þróunin horfi í rétta átt.

SVONA ERUM VIÐ:



3.650 NÝIR BÍLAR SELDUST Á FYRSTU PREMUR MÁNUÐUM ÁRSINS
234 bílum fleira en á sama tíma í fyrri.

Heimild: Umferðarstofa

24

stundir

SNÓNARHÓLL

UPPSÖGN AUÐUNS GEORGS



BRYNJAR MÁR VALDIMARSSON

Átti að halda sínu striki

„Mér fannst rangt af honum að hætta,“ segir Brynjar Már Valdimarsson, útvarpsmaður á FM-95,7, um þá ákvörðun Auðuns Georgs Ólafssonar að segja upp starfi fréttastjóra Útvarps. „Hann átti sjálfsagt aldrei að vera ráðinn, en fyrst hann var kominn inn átti hann að halda sínu striki.“ Brynjar efast ekki um að það þurfi sterkan karakter til að gegna starfinu og stendur á því fastar en fótunum að Auðun Georg hefði átt að halda áfram. „Hann átti bara að halda þeim í starfi sem hann vildi hafa með sér og byggja þetta upp frá grunni á ný.“

Þarf ekki að þvo í átta mánuði



Ekki er mælt með að nýjar gallabuxur sem hér eru á markaði séu þvegnar fyrir en eigandi þeirra hefur gengið í þeim í sex til átta mánuði. Buxurnar laga sig að líkamanum og þvottur getur skemmt fyrir.

Sænskar gallabuxur seljast nú eins og heitar lummur í verslunum Sautján í Kringlunni og Laugavegi. Það væri svo sem ekki í frásögur færandi nema fyrir þann fágæta eiginleika buxanna að það þykir betra að þær séu ekki þvegnar fyrstu sex til átta mánuðina eftir að fólk byrjar að ganga í þeim. Buxurnar hafa slegið í gegn hjá frændum okkar Svium og og nú er komið að Íslandi.

„Það er auðvitað hægt að skella þeim í þvottavél ef maður

vill,“ segir Kári Sverrisson í Sautján í Kringlunni. „Buxurnar eru úr óþvegnum gallaefni sem lagast að líkama þess sem gengur í þeim og til að fá flott útlit á þær er mælt með að þær séu ekki þvegnar fyrstu mánuðina.“

Kári fullyrðir að þeir sem láti sig hafa það að ganga í óþvegnum buxum í hálf ár sjái ekki eftir því. Sjálfur á hann eitt par af sænsku undrabuxunum og hefur ekki þvegið þær enn. „Þetta er í góðu lagi ef maður viðar þær reglulega,“ segir hann.

En hvað gera þeir sem sula, til dæmis sósu af sænskum kjötbollum, í buxurnar og vilja að hið sérlagaða útlit haldi sér? „Það er sjálfsagt hægt að fara með þær í fatahrensun; ég hef reyndar ekki hugsað út í þennan möguleika,“ segir Kári, dálítið hissa á spurningunni.

Fyrir þá sem ekki aðeins vilja líta vel út, heldur leiðist líka að setja í þvottavél eru undrabuxurnar sænsku tilvaldar. Þarið kostar tæpar ellefu þúsund krónur.

KÁRI MEÐ BUXURNAR Sjálfur á Kári eitt par af sænsku buxunum og hefur ekki þvegið þær enn.

bergsteinn@frettabladid.is

50% AFSL. AF GÖNGUGREININGU HJÁ SÉRFRÆÐINGUM ÖSSURAR HF.

fylgir með hverju pari af **asics** hlaupaskóm



Fáðu aðstoð SÉRFRÆÐINGA við val á hlaupaskóm



Ásta Einarsdóttir, sjúkraþjálfari



Jónas Grani Garðarsson, sjúkraþjálfari



Lýður Skarphéðinsson, íþróttafræðingur




Ásmundur Arnarson, sjúkraþjálfari

Göngugreining hjá Össuri hf. er eingöngu framkvæmd af menntuðu fagfólki

ÖSSUR HF
Innanlandsdeild
Suðurlandsbraut 34
108 Reykjavík
sími 515 2360
www.ossur.is

Nýkominn sending af
Asics Kayano og Asics
Nimbus hlaupaskóm



Life Without Limitations



HRAFNHILDUR GUNNARSDÓTTIR

Nýr formaður Samtakanna 78:

Hrafnhildur tekin við

Hrafnhildur Gunnarsdóttir kvikmyndagerðarkona var kjörin formaður Samtakanna 78, samtaka homma og lesbía á Íslandi, á nýafstöðnum aðalfundi. Ný í stjórn með Hrafnhildi eru Sigursteinn Másson, Guðbjörg Ottósdóttir, Rannveig Traustadóttir og Viðar Eggertsson en Þóra Björk Smith og Guðjón R. Jónasson voru endurkjörin.

„Það vantaði einhvern til að taka þetta að sér, einhvern sem hefur sveigjanlegan vinnutíma til að geta sinnt formennskunni,“ segir Hrafnhildur sem varð við

áskorunum félagsmanna um að bjóða sig fram.

Langt er síðan hún gekk í Samtökin og er hún þar flestum hnútum kunnug. „Ég kom fyrst á vettvang Samtakanna 1981, þá sautján ára gömul, og hef alltaf átt regluleg samskipti við þau,“ segir Hrafnhildur en hún hún bjó í Bandaríkjunum í átján ár og hafði vitaskuld lítil afskipti af Samtökunum á meðan.

Hrafnhildur tekur við formennsku af Þorvaldi Kristinsyni.

- bps



LAMISIL®

TERBINAFINE

...einu sinni á dag í eina viku drepur fótisveppinn



Klæjar þig í tærnar?

Gætu það verið fótisveppir?

Fæst án lyfseðils



Lyf & heilsa

ARNARSON.TK - LAM-003-010405

Lamisil er borið á einu sinni á dag í eina viku. Hreinsið og þurrkið sýkt svæði vel áður en Lamisil er borið á. Bera skal Lamisil á í þunnu lagi á sýkta húð þannig að það þekji allt sýkta svæðið. Lamisil er mild og veldur mjög sjaldan húðertingu. Lamisil inniheldur terbinafin sem er sveppadrepani (fungisid) efni og vinnur á sveppasýkingum í húð af völdum húðsveppa, gersveppa og litbrigðamyglu ("lifrabrúnir blettir"). Lamisil á ekki að nota gegn sveppasýkingum í hársverði, skeggi eða nöglum nema samkvæmt læknisráði. Það má ekki nota ef þekkt er ofnæmi fyrir terbinafini eða öðrum innihaldsefnum í Lamisil. Geymist þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarseðil sem fylgir hverri pakkningu.

Næstlengst í embætti

Aðeins einn annar páfi hefur setið lengur í embætti en Jóhannes Páll páfi annar. Það var Píus níundi sem sat páfastól í tæplega 32 ár frá 1846 til 1878 en postulinn heilagur Pétur, sem jafnframt var fyrsti yfirmaður kaþólsku kirkjunnar, sat þó lengst allra.

Jóhannes Páll annar var fyrsti útlandingurinn í embætti páfa í 455 ár og sá níundi á 20. öldinni. Það sem gerði stöðu hans enn merkilegri er að ekki einn sérfræðingur spáði honum velgengni þegar kosið var um nýjan páfa árið 1978 enda átti hann ekki heima í innsta hring Vatíkansins á þeim tíma. ■



Páfar 20. aldarinnar

Leó tólfli (1878-1903)	Píus tíundi (1903-1914)	Benedikt fimmtándi (1914-1922)	Píus ellefti (1922-1939)	Píus tólfli (1939-1958)	Jóhannes 23. (1958-1963)	Páll sjötti (1963-1978)	Jóhannes Páll fyrsti (1978)	Jóhannes Páll annar (1978-2005)
Fæddur 1810	1835	1854	1857	1876	1881	1897	1912	1920
Nafn Giocchino Pecci	Giuseppi Sarto	Giacomo della Chiesa	Achille Rati	Eugenio Pacelli	Angelo Roncalli	Giovanni Montini	Albino Luciani	Karol Wojtyła
Páfadómur 25 ár	11 ár	7 ár	17 ár	19 ár	4 ár	15 ár	1 mánuð	26 ár
Arfleifð: Lagði höfuð-áherslu á menntun.	Hélt fast í hin gömlu gildi kirkjunnar og var á móti nútímavæðingu hvers konar.	Stóð fastur á hlutleysi kaþólsku kirkjunnar í fyrri heimsstyrjöldinni.	Varð vitni að stofnun ríkis Vatíkansins.	Gagnrýndur mjög fyrir að koma gyðingum ekki til hjálpar í heimsstyrjöldinni.	Var upphafsmaður að endurnámum og umbótum innan kirkjunnar.	Fyrsti páfinn í 150 ár til að ferðast út fyrir Ítalíu.	Lést af eðlilegum orsökum mánuði eftir að hafa tekið við embættinu.	Víðförlasti páfinn og kom fleirum í dýrlingatölu en nokkur annar.

Munurinn felst í páfanum

Ekki er mikill munur á trúarlífi rómversk-kaþólskra og lútherskra enda trú á sama Krist og sama Guð. Það sem helst skilur að er að kaþólskir byggja kirkju-skilning sinn á að æðsti maður safnaðarins, páf-inn í Róm, hafi postullega vígslu beint frá Kristi.

biskup og af honum þiggja aðrir biskupar og allir prestar sína vígslu.

Lútherska kirkjan lítur hins vegar á páfan í Róm sem biskup yfir sínum söfnuði þar í borg.

Munurinn liggur því helst í trú á þennan sögulega atburð og það kirkjulega skipulag sem af honum hlaut.



FRÉTTASKÝRING
KAÞÓLSKA OG
LÚTHERSKA

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
BLAÐAMAÐUR

Pétur postuli, sem dó píslarvættisdaða og er sagður grafinn undir altari Péturskirkjunnar í Róm, var fyrsti páf-inn. Kristur sjálfur fól Pétri umboð til að vera yfirhirðir kirkjunnar með orðunum: „Þú ert Pétur, kletturinn og á þessum kletti mun ég byggja kirkju mína.“ (MT 16:18.) Embætti páfa er því lykilatriði í kaþólskum trúarlífi að hann hefur postullega vígslu beint frá Kristi yfir til Péturs postula sem gengið hefur áfram yfir alla páfa. „Aðalmunurinn á rómversk-kaþólsku kirkjunni og lúthersku kirkjunni liggur í þessu,“ segir Pétur Pétursson prófessor við guðfræðideild Háskóla Íslands. „Kaþólska kirkjan telur sumsé að Kristur hafi vígt Pétur sem yfir-

En fleira kemur til. Kaþólskir hafa sjö sakramenti en lútherska kirkjan tvö. „Sakramenti lúthersku kirkjunnar eru skírning og kvöldmáltíðin,“ segir Bjarni Randver Sigurvinsson, guðfræðingur og kennari við guðfræðideildina. „Skírningarsakramentið er það sama í báðum kirkjum en sá munur er á kvöldmáltíðarsakramentinu að lútherskir hafna kenningu um gerbreytingu brauðsins og vínsins í líkama og blóð Krists. Því er ekki trú að slík umbreyting verði eins og kaþólskir tala um. Og þetta hefur verið



PÁFA MINNST Ítalskur drengur kyssir mynd af Jóhannesi Páli páfa II og vottar honum virðingu sína.

dálítið stór ásteytingarsteinn milli þessara tveggja kirkna,“ segir Bjarni Randver. Og Pétur bætir við: „Umbreyting efnanna gerist þegar prestur með rétta vígslu fer með blessunarorðin og þetta er í raun og veru kjarninn í messunni samkvæmt rómversk-kaþólsku kirkjunni sem skírskotar til fórnar Krists á krossinum.“

Dýrlingar og siðferði

Margt er þó líkt í almennum messuhaldi og trú kaþólskra og lútherskra en meðal þess sem skilur að er staðföst trú kaþólskra á dýrlinga. „Lútherskir hafa enga dýrlinga og þó að ýmsir lútherskir séu til dæmis hrifnir af Maríu mey og virði hana og taki sér til fyrirmyndar í ýmsum efnum þá er ekki um þessar maríubætur að ræða í lútherskum líkt og í rómversk-kaþólsku kirkjunni,“ segir Bjarni Randver.

„Einnig ríkir ólíkur skilningur á ýmsum siðferðilegum efnum, til dæmis eru hjónaskilnaðir ekki leyfðir innan kaþólsku kirkjunnar og meiri ákveðni er hjá henni við að neita gjörsamlega fóstureyðingum í öllum tilfellum og getnaðarvörnum og að banna líknaðauða algjörlega,“ segir Pétur.

Kaþólska kirkjan í heiminum er gríðarlega fjölmenn og telst um einn milljarður manna tilheyrja henni en það er um helmingur allra kristinna manna í heiminum. Í lúthersku kirkjunni eru hins vegar ekki nema um 66 milljónir. Bjarni Randver segir þó að taka beri þá tölu með þeim fyrirvara að margir aðhyllist lútherskuna án þess að vera skráðir í kirkjuna. „Fólk hefur í sumum löndum skráð sig úr trúfélaginu til að losna við að borga sóknargjöld en nýtir engu að síður þjónustuna áfram.“

Nokkuð hefur fjölgað í kaþólska söfnuðinum á Íslandi á undanförunum árum og rekur Pétur Pétursson það fyrst og

fremst til innflytjenda sem hingað hafa komið frá kaþólskum löndum til dæmis Póllandi og Filippseyjum. „Svo er reyndar alltaf eitthvað um að mennta- og listamenn gangi í kirkjuna,“ segir Pétur.

Kirkjurnar nálgast

Samskipti kirknanna tveggja hafa batnað stórum frá því sem var í eina tíð og breytti þar mestu Annað Vatíkánþingið sem haldið var á árabílinu 1961 til 1964. „Þá tók rómversk-kaþólska kirkjan stökk inn í nútímann en fram að því hafði hún verið á miðöldum að

kardináli hingað til lands á fyrri hluta 20. aldar sem var mjög hrifinn af landinu og það er sagt að tengslin sem mynduðust hafi komið Íslendingum mjög vel í utanríkispolitíkinni síðar meir, til dæmis í landhelgisdeilunum, því að hann aflaði þjóðinni stuðnings frá ýmsum rómversk-kaþólskum löndum í þriðja heiminum.“

Bjarni Randver segir þó ágreiningu enn til staðar. „Vegna ágreinings um kvöldmáltíðarsakramentið hafa ekki verið haldnar sameiginlegar messur og þetta hefur í raun valdið tog-



BJARNI RANDVER SIGURVINSSON

ýmsu leyti,“ segir Pétur. „Þá viðurkenndu kaþólikar aðra kristna menn og lýstu bannfæringuna á austurkirkjuna ógilda en hún hafði slitnað frá Róm 1054.“

Bjarni Randver segir að grunn hafi verið á því góða þegar kaþólska kirkjan kom hingað til lands upp úr 1850. „Yfirvöld og kirkjan reyndu að sníða rómversk-kaþólsku kirkjunni mjög þröngan stakk og þess var til dæmis vandlega gætt að þeir kaþólsku prestar sem hingað komu sinntu bara erlendum sjómönnum. Þetta breyttist svo á 20. öldinni og reyndar hafa jákvæð tengsl við kaþólsku kirkjuna nýst Íslendingum að ýmsu leyti. Til dæmis kom



PÉTUR PÉTURSSON

streitu. Og vissulega voru ýmsir sem gagnrýndu komu páfa hingað til lands á sínum tíma meðal annars vegna þessa og líka af því að viðkomandi einstaklingum innan þjóðkirkjunnar mislíkuðu áherslur kaþólskra eða leiðtoga þeirra varðandi ýmis siðferðisefni eins og til dæmis að konur geti ekki orðið prestar. Margir þjóðkirkjuprestar eru þó velviljaðir rómversk-kaþólsku kirkjunni og hefur hún til dæmis fengið að nýta lútherskar kirkjubyggingar víða um land fyrir athafnir sínar. En í heild má segja að heimsókn páfa hafi verið ánægjuleg og eftirminnileg og Íslendingum til sóma og ekki síst þjóðkirkjunni. ■

Óttast hefnd hrottans sem rústaði líf hennar



FIMMTÁN ÁRA KYNNTIST HÁLFPRÍTUGUM MANNI SEM BARNADI HANA OG BARDI TIL ÓBÓTA



– hefur þú séð DV í dag?

Kosning nýs páfa

Í kjölfar andláts Jóhannesar Páls páfa II er að mörgu að hyggja þegar kjósa skal eftirmann hans. Hirðhaldsstjóri Vatíkansins, Eduardo Martinez Somalo kardináli, mun fylgja óskum fráfarandi páfa hvað jarðarförina varðar. Óskaði hann eftir að hún færi fram ekki seinna en sex dögum eftir andlátið og því líklegt að hann verði jarðsettur á fimmtudaginn eða föstudaginn.



Þrjú hópar kardinála telja atkvæði og ganga úr skugga um að allt fari rétt fram við kosningu nýs páfa.



Hver kardináli skrifar nafn frambjóðanda síns og brýtur atkvæðið tvisvar saman. Þaðan fer hann með það að altarinu, setur það í skál og fer með eiðstaf.



Aðstoðarmenn hræra atkvæðunum saman og hver og einn tekur eitt upp og opnar það. Hripur hann nafnið niður og afhendir atkvæðið öðrum aðstoðarmanni sem gerir slíkt hið sama. Þriðji aðstoðarmaðurinn les nafnið svo upphátt. Nýr páfi þarf tvo þriðju hluta allra atkvæða til að verða kosinn.



Atkvæðin eru brennd að athöfn lokinni með efnu sem annaðhvort gera reykinn hvítan eða svartan. Ef enginn páfi er kosinn verður reykurinn svartur.



Mikill mannföldi safnast saman á Péturstorgi og bíður átektu kosningu nýs páfa. Hvítur reykur mun merkja að páfi hefur verið kosinn með réttmætum hætti.



Nýi páfinn er kynntur almenningi á Péturstorgi og gefur sína fyrstu blessun.

GRAPHIC AP

5

Stórglæsilegir skattfrjálsir vinningar:

Honda jazz vinningar í apríl



Drögum á morgun

Ragnhildur Steinunn og faðir hennar Jón Þór:

„Við höfum séð hvað lítið framlag
getur kveikt mikla hamingju“

Veldu þér vinningsnúmer í síma

552 2150 eða á **www.sibs.is**

Láttu reyna á heppnina

- þú gætir unnið milljónir í verðlaun
fyrir að styðja lífsnauðsynlega uppbyggingu að Reykjalundi

Vertu með

- þú veist aldrei hvenær röðin kemur að þér



22 Honda Jazz bifreiðar

léttleikandi, fjölnotabifreið, tilbúin á götuna - skattfrjáls.
Skoðaðu Honda Jazz hjá Bernhard, Vatnagörðum

2005

3.750 Kjarvalsþækur



Nýtt

Nú getur þú keypt mánaðarmiða við kassann í Hagkaupum

HAPPDRÆTTI



... fyrir lífið sjálft

33.296 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 900 kr.



**Það kostar EKKERT
að blogga!**

folk.is -Skrifaðu, skoðaðu, segðu frá...

vísir
...ÓM ALLT!

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Heimsbyggðin hefur misst mikinn andlegan leiðtoga.

Að Jóhannesi Páli páfa II gengnum

Jóhannesar Páls páfa II verður minnst á spjöldum sögunnar sem eins merkasta manns samtíðarinnar. Hann var leiðtogi rómversk-kaþólsku kirkjunnar í 27 ár og er sá páfi sem hefur setið einna lengst á páfastóli. Hann var líka langyngsti páfi sem skipaður var á 20. öldinni. Hans hefur verið minnst víða um heim frá því að hann lést á laugardagskvöld og milljónir manna hafa safnast saman til að biðja fyrir honum fyrir og um helgina á meðan hann háði dauðastríð sitt í Vatíkani, en þar vildi hann yfirgefa þennan heim.

Jóhannes Páll páfi II eða Karol Wojtyła eins og hann hét á pólsku var fæddur í smábæ skammt frá Kraká í Póllandi og var 84 ára gamall þegar hann lést. Kjör hans í embætti páfa á haustdögum 1978 kom mörgum utan Vatíkansins mjög á óvart því fram að því hafði hann ekki verið mjög mikið áberandi utan Páfagarðs, en innan hans hafði vegur hans legið stöðugt upp á við eftir að hann var skipaður erkibiskup af Kraká árið 1964 og síðan kardináli þremur árum síðar.

Allt frá því að hann var kjörinn páfi fór vegur hans og virðing stöðugt vaxandi. Kjör hans markaði þáttaskil varðandi upp- og niðurganginn og hann átti mikinn þátt í því beint og óbeint að frelsa austantjaldspjóðirnar undan oki hans. Með kjöri hans í embætti páfa óx sjálfstraust og sjálfsvirðing þessara þjóða og fólk sem bjó þar fékk það á tilfinninguna að það myndi einhverntíma öðlast frelsi til að lifa eðlilegu lífi. Sú sjálfstæðisvakning sem fór um Pólland á þessum tíma tengdist kjöri Jóhannesar Páls páfa II í embætti. En það var ekki aðeins að tilkoma hans á páfastóli hefði áhrif í austantjaldslöndunum og innan rómversk-kaþólsku kirkjunnar. Með miklum ferðalögum sínum um allan heim, þar sem hann heimsótti kaþólska fyrst og fremst, hafði hann mikil áhrif með boðskap sínum, sem náði langt út fyrir raðir kaþólskra og annarra kristinna manna. Heimurinn hlustaði þegar Jóhannes Páll páfi II hélt sínar merktu ræður. Hann hélt að sjálfsgöðu fram hinum kaþólsku gildum og var talinn fremur íhaldssamur, en jafnframt var hann mjög víðsýnn og hikaði ekki við að gagnrýna það sem honum fannst miður fara í heimsálunum.

Öll framkoma og framganga hans einkenndist af mikilli alúð og góðmennsku. Því fengum við Íslendingar að kynnst þegar hann fyrstur páfa lagði leið sína hingað til lands á svölum júnidögum árið 1989. Þessi ljúfi og lágvaxni maður heillaði alla með framkomu sinni og það geislaði af honum hvert sem hann fór. Þeir sem hittu hann í Íslandsheimsókninni bera honum ákaflega vel söguna. Það er ekki að ósekju að biskup Íslands, hr. Karl Sigurbjörnsson, sagði í gær að hann væri einhver merkasti páfi sem uppi hefur verið og Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði að með fráfalli páfa hefði heimsbyggðin misst mikinn andlegan leiðtoga. Ummæli þeirra eru einkennandi fyrir það sem sagt hefur verið um páfa látinn.

Sæti Jóhannesar Páls páfa II í Vatíkani verður vandfyllt, og nýs páfa biða annarskonar úrlausnarefni utan Páfagarðs. Nú er það hlutverk kardinálanna að velja eftirmann og heimsbyggðin mun fylgjast spennit með reymerkjum frá Páfagarði þegar líða tekur á apríl. ■

Vísitandi gleymka?

Þess er minnst með miklum glæsibrag um þessar mundir að tvær aldir eru liðnar frá fæðingu frægasta rithöfundar Dana, H.C. Andersen. Sjónvarpsútsendingin frá Kaupmannahöfn í fyrirkvöld var glæsileg. En það veldur mörgum Íslendingum vonbrigðum að Danir virðast vísitandi vilja leyna því eða gleyma að það var Íslendingur sem á sínum tíma kenndi þeim að meta verk skáldsins. Það er hvergi á þetta minnst í þeim mikla fjölda



greina um H.C. Andersen sem birst hafa að undanförunni í dönskum blöðum, tímaritum og bókum.

Fyrsta viðurkenningin

Lesbók Morgunblaðsins, sem vanalega er undirlögð óskiljanlegum póstmóðernískum langlokum, tók sér fri frá háspekinni á laugardaginn til að ræða þetta mál. Í forsiðugrein er bent á að á sama tíma og danskir gagnrýnendur voru lítt uppörvandi í skrifum um verk H.C. Andersen hafi Íslenskur menntamaður í Kaupmannahöfn, Grímur Thomsen (sá eini og sanni), birt lofsamlegan ritdóm um skáldskap hans. Þetta var 1855. Svo hrifinn varð Andersen af þessu að hann segir í sjálfsvísögu sinni að þetta sé fyrsti ritdómur-

inn í Danmörku sem viðurkenni hann sem raunverulegt skáld.

Gleymd skrif

Í ritstjórnargrein Lesbókarinnar segir að skrif Gríms séu gleymd í Danmörku. Þar sé enn fjallað um viðtökur H.C. Andersen án þess að minnst á Grím og þýðingu hans fyrir frægð og frama Andersens. Ritstjóri Lesbókar slær á létta strengi – þótt málið sé grafalvarlegt – og segir að það sé „auðvitað svolitíð fyndið að Danir skuli ekki enn vera búnir að jafna sig á þessu með glöggskyggni Gríms.“ Kannski er hér komið verkefni fyrir H.C. Andersen-sendiheranna á Íslandi, þau Vígðisi Finnbogadóttur og Einar Má Guðmundsson?

gm@frettabladid.is

Skipbrot átakastjórnmalanna

Af hverju skrökvaði Auðun Georg því í hinu fræga hádegisviðtali við Ingimar Karl Helgason 1. apríl að hann hefði ekki hitt Gunnlaug Sævar Gunnlaugsson nýlega? Af hverju komst hann í þær ævintýralegu ógöngur yfir einfaldri spurningu að hann var farninn að ljúga upp í opið geðið á væntanlegum undirmanni um hlut sem allir gátu heyrt að undirmaðurinn vissi þegar og ekki nóg með það heldur staðinn að því að skrökva að þjóðinni í sínu fyrsta viðtali sem andlit og yfirmaður þeirrar stofu sem allt á undir því að fólk telji hana segja satt? Af hverju gat hann ekki bara sagt já ég hef hitt hann og hvað með það – næsta spurning takk?

Hvað var með það? Af hverju mátti það ekki vitnast?

Auðun Georg er að sögn þeirra sem hann þekkja vænn maður. Hann er að minnsta kosti auðheyrliga ekki göður lygari; þegar ég hlustaði á grátbroslega tilburði hans í þeim efnunum varð mér hugsað til þess þegar vinkona mín ein í gamla daga bað mig að smygla fyrir sig myndavél til landsins og sagði að ég skyldi bara bera hana um hálsinn og segjast eiga hana – það tók Kristján Pétursson fimm sekúndna þýðingarmikið augnaráð að brjóta mig niður og beina mér af glæpabrautinni. Auðun Georg var því væntanlega ekki að skrökva af gömlum vana. Á þessari furðulegu framgöngu er sennilegust sú skýring að hann hafi þarna verið að hlýðnast yfirboðara sínum; fyrir honum hafi verið brýnt að segja ekki nokkrum lifandi manni frá fundinum. Af hverju það var svo mikið leyndarmál er óljóst, nema Gunnlaugi Sævari Gunnlaugssyni virðist henta illa að starfa í dagsljósinu.

Aðalatriðið er þetta: Auðun Georg komst í vandræði fyrir tilstilli sömu manna og höfðu komið honum í öll önnur vandræði, ráðamanna útvarpsins sem stóðu fyrir því að setja hann í stól sem blasti

Í DAG

FRÉTTASTJÓRAMÁLID

GUÐMUNDUR
ANDRI
THORSSON



„Átakastjórnmal má kalla þau vinnubrögð þegar menn sem komist hafa í valdastöðu fyrir atbeina stjórnmalaflokka ákveða að fara sínu fram án tillits til sjónarmiða þess fólks sem málin varða hverju sinni...“

svo átakanlega við öllum að hann átti ekki erindi í.

Vonandi eru lærdómar í þessu máli fyrir alla. Til dæmis sá að vera trúr yfir litlu og reyna ekki að komast til metorða án þess að hafa til þeirra unnið. Það er mikilsverður lærdómur. Og fyrir Markús Örn er vert að hugleiða hugtök á borð við virðingu og sæmd. Hann sækir ekki vald sitt til starfsfólks eins og hann þrástagað á, satt er það – en þarf hann ekkert á virðingu þess að halda í starfi? Hefur hann ekkert við traust þess að gera? Það getur enginn krafist trausts. Það er einungis hægt að vinna sér það inn. Virðingar afla stjórnendur sér með framgöngu sinni og viturlegum ákvörðunum – ekki með því að gnista tönnum, ekki með því að pumbast við, ekki með því tala ekki við fólk, ekki með því að keyra í gegn ákvarðanir sem allir eru andvígir. Margir stjórnendur fyrirtækja virðast eiga furðulega erfitt með að skilja þau einföldu sannindi að þegar allir eru andvígir einhverri ákvörðun eru

miklar líkur til þess að sú ákvörðun sé röng.

Lærdómur fyrir forystumenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokks er sá að tími átakastjórnmalanna er liðinn. Átakastjórnmal má kalla þau vinnubrögð þegar menn sem komist hafa í valdastöðu fyrir atbeina stjórnmalaflokka ákveða að fara sínu fram án tillits til sjónarmiða þess fólks sem málin varða hverju sinni, og sé almennt andstaða við einhverja tiltekna málsmeðferð skuli hún að engu höfð en málið keyrt af offorsi í gegn til þess að sýna styrk sinn í eitt skipti fyrir öll. Með öðrum orðum: hafa sitt fram með átökum fremur en samræðum.

Ofstopastjórnmal af þessu tagi guldu afhroð þann 1. apríl og hafa í raun skilið eftir sig sviðna jörð svo að allir eru í sárum. Þorgerður Katrín menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins getur ekki þvegið hendur sínar af þessari atburðarás – hún þarf að stíga hér inn og sjá til þess að ný vinnubrögð verði tekin upp. Markús Örn Antonsson þarf að fara að haga sér eins og útvarpsstjóri, brjóta odd af oflæti sínu og hætta sér niður af efstu hæðinni í útvarps húsinu – hann þarf líka að átta sig á því að þessi stöðuveiting nú getur ekki snúist um að rétta hlut Ívars Guðmundssonar frá 1968 eins og mátti skilja á stóruandlegri grein sem hann skrifaði í Morgunblaðið á dögunum.

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson lýkur nú störfum sínum í útvarpsráði með vansæmd. Ekki er óhætt að leyfa honum að koma frekar nálægt þessari stöðuveitingu eða útvarpinu yfirleitt – hann myndi enda á að gera Hannes Hólmstein að fréttastjóra. Aðrir meðlimir útvarpsráðs hafa litlu meiri sóma af málinu, til dæmis var hjáseta fulltrúa Samfylkingarinnar afar misráðin. Það eina sem er eftir er að byrja upp á nýtt og taka þessa ákvörðun eins og átti alltaf að gera – faglega. ■

Talstöðin
FM 90,9

DAGMÁL ODDS ÁSTRÁÐSSONAR OG RAGNHEIÐAR GYÐU JÓNSDÓTTUR
Alla virka daga kl. 9.

Íslenska knattspyrnulandsliðið
Er öllum orðið sama?
Svo virðist sem landanum sé orðið slétt sama um fótþoltalandsliðið. Hvað hefur eiginlega gerst?

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

VÍSIR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLYSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLYSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík **ADAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	6.35 13.31	20.29
Akureyri	6.15 13.15	20.17

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagurinn 4. apríl,
94. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	22
Akkurat	20-21
Ás	10-11
Ásbyrgi	13
Dramaumahús	18-19
Eignastýring	28
Fasteignamarkaðurinn	12
Fasteignamiðlun	14
Fasteignam. Grafarv.	14
Fasteignam. Hafnarfj	24
Fasteignast. Suðurn.	28
Fyrirtækjasala Ísl.	26
Hof	23
Hraunhamar	8-9
Hús.is	30
Húsaland	29
Húseign	33
Húsið-Smárinn	25
Höfði	33
Lyngvík	7
Miðborg	33
Neteign	6
Nethús	27
Nýtt fasteignasala	29

SMÁAUGLÝSINGAR byrja í dag á bls. 32

Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

allt - fasteignir

hús o.fl.

Heit lögn í stéttina bls. 2
Einstakt rýmishús bls. 3

fasteignir o.fl.

Uppbygging á Arnarneshálsi bls. 15
Byggt í grónum garði bls. 16

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Stórar svalir í norðvestur eru á húsinu með fallegu útsýni.

Vel skipulagt einbýlishús

Fasteignasalan Lyngvík er nú með til sölu fallegt og vel skipulagt 237,7 fermetra einbýlishús á tveim hæðum, þar af 38 fermetra innbyggður bílskúr, í Jónsgeisla 23 í Grafarholti.

Á efri hæð er flísalagt stórt eldhús með fallegri gegnheilli eikarinnréttingu og borðkrók. Flísalögð stofa og borðstofa með útgengi út á stórar svalir í norðvestur með fallegu útsýni. Gestasnyrtingin er flísalögð, geymslan er lítil með flögumáludu gólfi og bílskúrinn er með um það bil tíu fermetra geymslulofti. Holið á efri hæð er flísalagt en frá holi er flísalagður stigi niður á neðri hæð.

Á neðri hæð eru þrjú barnaherbergi, parkettlögð og rúmgóð, auk hjónaherbergisins sem er parkettlagt með fataskáp.

Einnig er þar rúmgott, flísalagt sjónvarpshol, stórt flísalagt baðherbergi með baðkari, stórum sturtuklefa, handklæðaofni og innréttingu, þvottaherbergi með máluðu gólfi og innréttingu. Úr þvottahúsi er útgengt út í garð. Forstofan er flísalögð með fataskáp.

Í herbergjum er sjónvarpsloftnet og sími og hitalögn í gólfi Búið er að tyrfa lóð að norðan- og vestanverðu og mól er á bílplaninu.

Ásett verð er 49,5 milljónir. ■

LIGGUR Í LOFTINU í fasteignum

Tilboð í jarðvinnu og lagnir á Fjölnotahúsi er að rísa í Sandhínu nýja byggingarsvæði inni í dal á Eskifirði voru opnuð nýverid og reyndist fyrirtækið RH- gröfur eiga langlægsta tilboðið en það er fyrirtæki Eskfirðingsins Rúnars Hákonarsonar. Tilboð hans hljóðaði upp á 67.236.820 þúsund og er 90% af kostnaðarætlun. Næst fyrir ofan hann var Héraðsverk með 120% af kostnaðarætlun.



Fjölnotahúsi er að rísa í Sandhínu nýja byggingarsvæði inni í dal á Eskifirði voru opnuð nýverid og reyndist fyrirtækið RH- gröfur eiga langlægsta tilboðið en það er fyrirtæki Eskfirðingsins Rúnars Hákonarsonar. Tilboð hans hljóðaði upp á 67.236.820 þúsund og er 90% af kostnaðarætlun. Næst fyrir ofan hann var Héraðsverk með 120% af kostnaðarætlun.

Þjónusta á annarri hæð og íbúðir á þeirri þriðju. Alls er gert ráð fyrir 10 íbúðum í húsinu. Áformað er að taka húsið í notkun fyrir næstu áramót.

fasteignir@frettabladid.is

Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Umfram málning

Gott er að eiga smá umframálningu eftir að hafa málað veggina. Hún getur reynst vel ef blettir koma á veggina sem ekki er hægt að þrifa, og einfaldast að mála yfir þá.




GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Gæða hús handa þér



Bjálkahús ehf

Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.

Hús okkar eru byggð til að endast.

Á fjórðahundarð hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús www.husogheimili.is

Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818



Hér hefur snjóbræðslukerfi verið lagt í gangstétt og því arkar maðurinn eftir auðum stíg þótt snjór sé allt í kring.

Hitalögn um hlað og stétt eykur þægindin

Snjóbræðslukerfi undir gangstéttir og innkeyrslur er til ómældra þæginda að vetrinum og kostar minna en margur heldur. Þetta er vert að hafa í huga nú með vorinu þegar húseigendur fara að huga að viðhaldi fasteigna sinna og garða.

„Við nánast öll hús sem byggð eru í dag er sett snjóbræðsla í stéttir og þeir sem eru að gera upp gamlar innkeyrslur setja undantekningalítið svona kerfi undir þær,“ segir Gísli Erlendsson í Bykó. Hann segir kostnaðinn við slík kerfi ótrúlega lítinn og eingöngu felast í pípunum sem lagðar eru undir hellurnar og lítilsháttar vinnu við þær. „Langflestir nota affallið af ofnakerfinu og það er látið

renna gegnum snjóbræðslukerfið á leið sinni út í skólplagnirnar. Þá er fólk að gjörnýta heita vatnið sem það kaupir hvort sem er. Í mörgum tilfellum dugur það við einbýlishús þannig að aukakostnaður við að kynda kerfið er enginn.“ Gísli segir tilförlulega einfalt að leggja svona kerfi. „Það er tengt við mælagrindina í húsinu. Þaðan tekur vatnið krók útá hlað og fer svo aftur til baka í rörið sem liggur útúr húsinu í skólplagnir.“

Jónas Sigurðsson í Húsa-smíðjunni tekur undir það að lögn snjóbræðslukerfis sé ekki flókin en segir þó æskilegast að fá í það pípulagningamann. „Fólk hefur verið að leggja svona kerfi sjálft en pípulagningamaður þarf að tengja það og verður þá að geta tekið ábyrgð á því. Ef eitt brot kemur í lögnina þá stíflast hún og píparinn lend-

ir í vanda.“ Jónas segir plaströr notuð í lögnina og algengasta sverleikann 20 mm eða 25. En kerfið þurfi að vera 35-40 gráður til að bræða eitthvað að gagni. Því séu oft settir svokallaðir innspýtingarlokar sem blandi hitastigið inn á það. „Lokinn skynjar hitastigið á vatninu sem kemur til baka frá planinu. Oft er hann stilltur á 10 gráður og ef hitinn fer neðar sendir lokinn boð inn í hausinn sem er á innrennslinu og opnar heitavatskranann eftir þörfum,“ útskýrir hann. Sverleika rörranna segir hann oftast segja til um sentimetrana sem eiga að vera á milli þeirra. 20 mm rör þýðir 20 cm á milli. „Fyrst er lögð stór slaufa og svo minni slaufur til baka inn í þá stóru til að dreifa hitanum sem mest.“ Þá vitum við það.

gun@frettabladid.is

Gegnheilt Parket
Tilboðsverð
á meðan birgðir endast

10 mm gegnheil eik
kr. 1750 pr. ferm

15 mm gegnheilt parket / míkrofásað fullfrágengið, lakkað eða olíuborið.
Verð frá kr. 3250 pr. ferm

Myndir og nánari upplýsingar á
www.parketsalan.is

Parketsalan ehf
Hringbraut 119, S.5526699

HJÓLHÝSI
-Í ENDALÁUSU ÚRVALI




21.460
pr. mán. í 84 mánuði*
*MIÐAÐ VIÐ ÚTBORGUN KR. 359.000
STADGREIDSLUVERÐ 1.794.000,-

MUNSTERLAND
430 SD

NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ FARA AÐ UNDIRBÚA GOTT FERÐASUMAR. KOMDU OG KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ AF HÚSBÍLUM OG HJÓLHÝSUM HJÁ OKKUR.

VÍKUR
V · E · R · K

www.vikurverk.is TANGARHÖFÐA 1 SÍMI 557 7720



Victory böð með eða án nudds í úrvali

Fosshálsi 1

110 Reykjavík sími 525-0800

www.baðheimar.is

BADHEIMAR



Hér er allt tilbúið undir þökulagningu.

Þökulagt allt árið

Þökulagnir heyrðu lengi vorinu til. Nú eru þær farnar að teygja sig nánast yfir allt árið.

„Fólk getur þökulagt hvenær sem er nema kannski í miklu frosti því þá frjósa búntin saman,“ segir Jónas Freyr Harðarson garðyrkjufyrirgjafi og segir þó suma þökusólumenn eiga jafnan ófrosnar þökur inni í skemmu. „Undirlagið þarf vissulega að vera tilbúið,“ segir hann, en hvaða undirlag skyldi vera algengast að nota? „Skeljasandur er vinsæll eða fjörusandur af einhverju tagi en algengast er að notuð sé mold undir þökurnar.“

Jónas Freyr segir nánast jafn algengt að fólk þökuleggi og sái í grasflötina en grasrótin sé fljóttari til þegar þökur séu notaðar. „Svo er til fólk með sérþarfir. Sumir vilja einhverjar ákveðnar tegundir af grasi og þær fær það með sáningu,“ segir hann og nefnir til dæmis golfvallarblöndu sem gefur fingerðara gras en gengur og gerist. Golfvallarþökur eru til líka og Jónas segir dæmi þess að fólk útbúi þúttvöll á lóðinni enda sé golfáhugiinn alltaf að aukast. ■



Húsið er fallett að utan með stórum og björtum gluggum.

Rýmið notað til hins ýtrasta

Nú tímalegt hús fyrir einhleypa hefur verið hannað í Þýskalandi.


Þýski arkitektinn, Luigi Colani, hefur hannað skemmtilegt kassalaga hús fyrir einhleypa sem er aðeins 36 fermetrar en rýmið er nýtt á mjög hugvitsamlegan máta. Það sem er einna merkilegast við þetta hús er þrískipt hringlaga eining inni í húsinu sem er með baði, svefnherbergi og eldhúsi. Hringlaga einingin er rafstýrð og sá hluti sem notaður er hverju sinni látinn snúa fram. Klósettinu er komið fyrir í sérherbergi aftan

við eininguna en annað rými í húsinu nýtist sem stofa og borðstofa. Útlit hússins er allt mjög fallett, gluggarnir eru stórir og lítill sólpallur stendur út af húsinu. Ekki þarf að hafa stórar áhyggjur af húsgögnum því flest er innbyggt í húsið, og hentar þetta vel þeim sem eiga lítið dót og vilja bara þægilegt rými að búa í.

Colani telur þetta vera framtíðina þar sem rými virðist fara minnkandi og sífellt fleiri kjósa að búa einir. Sérstaklega bindur hann vonir við að húsið verði vinsælt í Asíu þar sem skortur á rými er mikið vandamál.



Hringlaga einingu í húsinu er hægt að snúa og fá þá nýtt herbergi.



Í einingunni er meðal annars baðherbergi og eldhús.

Lappað upp á hús Warhols

John Warhola, eldri bróðir listamannsins Andy Warhol, sem lést úr hjartabilun 22. febrúar árið 1987, vill ásamt nokkrum sjálfboðaliðum gera hús bróður síns upp. Húsið er staðsett á Dawson-stræti í South Oakland í Pittsburgh í Bandaríkjunum og heimsækja talsvert

margir ferðamenn staðinn á ári hverju.



John Warhola, sem er tæplega áttræður, vill gera húsið algjörlega upp og jafnvel leigja það út til nemenda í háskólanum Carnegie Mellon sem er rétt hjá en húsið hefur staðið autt í nokkurn tíma.



**Stigar, allar gerðir
Innihurðir
Parket**

Verkstaðingjónusta
Trésmíð og lókkun

Imax ehf.
Lynghúls 3
Árborgarhverfi
Sími 567 1300
www.imax.is

GÍTARINN EHF.

www.gitarinn.is STÓRHÖFÐA 27 - SÍMI: 552 2125 gitarinn@gitarinn.is

Erum að taka upp nýja sendingu



Rafmagnsgítarpakki
verð frá kr. **22.900**

Rafmagnsgítar,
magnari, poki, ól,
snúra og gítarneglur.
Stillitæki

Klassískur gítar
frá 10.900

Þjóðlagagítar
frá kr. 14.900



**MAPEX trommusett
með stöndum og diskum**

rétt verð kr. **79.900**
tilboðsverð kr. **59.900**

BJÓÐUM UPPÁ RAÐ- OG LÉTTGREIÐSLUR

Glæsilegt úrval
**Sisal og Kókos
gólfteppa**

Heimilisgólfdukar
Tilboðsverð
frá kr. 900 á m²

Teppamottur
40% afsláttur

Teppi horn í horn

Stigateppi
Níðsterk og létt í þrifum

Gerum
tilboð að
kostnaðar-
lausu

GÓLFBÚNAÐUR

KJARAN EHF. • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMAR 510 5510 • 510 5500
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 - 18.

birta

» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ
Á MÁNUDÖGUM



Bætt líðan
með betra lofti

Hreinsar loftið | Eyðir lykt | Drepur bakteríur

Nánari upplýsingar á www.ecc.is og í síma 511 1001

Skúlagötu 63 - 105 Reykjavík




Nýjar íbúðir til

Parhús

BAKKAGERÐI – REYÐARFIRÐI

Glæsilega hönnuð tæplega 160 fermetra parhús með sérstæðum bílskúrum. Húsin eru klædd með báru-málmklæðningu og lítaðri viðarklæðningu að hluta. Íbúðum er skilað fullbúnum að utan, með grófjafnaðri lóð og rúmlega fokheld að innan. Húsin eru á falletum stað með góðu útsýni yfir fjörðinn.



Raðhús

ÞJÓNUSTUHÚS – HVERAGERÐI

Glæsileg raðhús á einni hæð, hönnuð af Hróbjartí Hróbjartssyni arkitekt. Húsin eru 86-111 fm, klædd lítaðri álklaðningu. Gluggar verða álklaðdir timburgluggar. Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar án gólfefna nema forstofa, þvottahús og baðherbergi sem verða flísalögð. Íbúar fá aðgang að margvíslegri þjónustu HNLFI. Verð frá 16,9 millj.

KLAPPARHLÍÐ – MOSFELLSBÆ

Raðhúsin við Klapparhlíð 40-44 eru á einni hæð með þremur íbúðum. Íbúðirnar eru 3ja herbergja, um 140 fm, og eru því skemmilegar fjölskylduíbúðir. Innbyggður bílskúr fylgir hverri íbúð auk þvottaherbergis. Íbúðunum er skilað fullbúnum án gólfefna en þvottaherbergisgölf auk baðherbergja eru flísalögð. Verð frá 27,8 millj.


5 herbergja

PRASTARHÖFÐI – MOSFELLSBÆ

Eigum nokkrar glæsilegar tæplega 130 fm íbúðir í 11 íbúða húsi. Húsið er einangrað að utan og klætt með flísum og harðviði. Íbúðir afhendast fullbúnar án gólfefna en baðherbergi og þvottahúsgölf eru flísalögð. Skóli, leikskóli og ýmis þjónusta í næsta nágrenni. Verð frá 26,1 millj.

PERLUKÓR – KÓPAVOGI

Vorum að hefja sölu á um 150 fm íbúðum í glæsilega hönnuðum tveggja hæða húsum, með þremur íbúðum í hverju, á falletum stað rétt við Elliðavatn. Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna, að undanskildum baðherbergjum og þvottahúsgölfum sem eru flísalögð. Veggir baðherbergja eru flísalögðir í hurðarhæð og salerni upphengd. Verð frá 33,3 millj. með sérstæði í bílageymsluhúsi.



4ra herbergja

PRASTARHÖFÐI – MOSFELLSBÆ

Eigum nokkrar glæsilegar 107-129 fm íbúðir í 11 íbúða húsi. Húsið er einangrað að utan og klætt með flísum og harðviði. Íbúðir afhendast fullbúnar án gólfefna en baðherbergi og þvottahúsgölf eru flísalögð. Skóli, leikskóli og ýmis þjónusta í næsta nágrenni. Verð frá 20,9 millj.

PERLUKÓR – KÓPAVOGI

Vorum að hefja sölu á tæplega 110 fm íbúðum í glæsilega hönnuðum tveggja hæða húsum, með þremur íbúðum í hverju, á falletum stað rétt við Elliðavatn. Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna, að undanskildum baðherbergjum og þvottahúsgölfum sem eru flísalögð. Veggir baðherbergja eru flísalögðir í hurðarhæð og salerni upphengd. Verð frá 25,9 millj. með sérstæði í bílageymsluhúsi.

3ja herbergja

KLAPPARHLÍÐ – MOSFELLSBÆ fyrir 50 ára og eldri

Fallegar 110-120 fm íbúðir, hannaðar sérstaklega með þarfir 50 ára og eldri í huga. Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar án gólfefna að undanskildum þvottahúsgölfum og baðherbergjum sem verða flísalögð. Húsið er með lyftu og þarfnast lítills viðhalds. Það er staðsett í fallegu umhverfi með skjólgóðu útivistarsvæði. Verð frá 18,7 millj.

PRASTARHÖFÐI – MOSFELLSBÆ

Glæsilegar 85-103 fm íbúðir. Húsið er einangrað að utan og klætt með flísum og harðviði. Íbúðir afhendast fullbúnar án gólfefna en baðherbergi og þvottahúsgölf eru flísalögð. Skóli, leikskóli og ýmis þjónusta í næsta nágrenni. Verð frá 17,1 millj. með sérstæði í bílageymsluhúsi.

2ja herbergja

SMÁRAFLÖT 1 - AKRANESI

Eigum eina tæplega 80 fm íbúð í átta íbúða tveggja hæða húsi. Sér inngangur. Íbúðinni er skilað fullbúinni, parket á gölfum, en flísar á anddryis-, geymslu-, baðherbergis- og þvottahúsgölfum. Verð frá 13,6 millj.

HERJÓLFSGATA – HAFNARFIRÐI fyrir 60 ára og eldri

Glæsilegar 77 til 97 fm íbúðir hannaðar með þarfir 60 ára og eldri í huga. Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar án gólfefna að undanskildum þvottahúsgölfum og baðherbergjum sem verða flísalögð. Húsin eru með lyftu og þarfnast lítills viðhalds. Þau eru á falletum stað við sjávarsíðuna. Verð frá 17,3 millj. með sérstæði í bílageymsluhúsi.



■ Þessir hlutir fylgja ekki með íbúðum.

Staðsetningar í boði

HERJÓLFSGATA – HAFNARFIRÐI

ÍAV byggja stórglæsilegar íbúðir við sjávarsíðuna í Hafnarfirði. og eldri. Húsin eru fjögurra hæða með 48 íbúðum auk húsvaru ráð fyrir að þjónustukjarni (salur) verði starfræktur í miðju hú álklaðningu. Gluggar eru álklaðdir timburgluggar. Öll hönnun



Mjög mikið er lagt upp úr gæðum íbúðanna. Dyrasímar eru te hljóðeinangrunar í allri íbúðinni að undanskildum baðherbergj

KLAPPARHLÍÐ – MOSFELLSBÆ

Húsið er glæsilega hannað 4ra hæða fjölbýlishús með lyftu. Húsið að hluta harðviði og þarfnast því lítills viðhalds. Sérinngangur verður í bílageymslu í kjallara þar sem sérbílastæði fylgir flestum fyrstu hæð hafa sérafnotarétt af hluta lóðar. Allar svalir snúa í su

Njóttu lífsins í viðhaldslitlu lyftuhúsi



PRASTARHÖFÐI – MOSFELLSBÆ



Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna, að undanskildum baðherbergja eru flísalögðir í hurðarhæð og salerni upphengd. Sjón Sér þvottahús eru í öllum íbúðum. Val er um þrjár viðartegundi er í forstofuhurð. Heimilistæki eru frá AEG eða sambærileg, með

Nánari upplýsingar

Söluveid okkar er að Höfðabakka 9, sími 530 4200. Einnig eru ítarlegar upplýsingar um eignirnar á vefsíðu okkar www.iav.is.

Breytingar á íbúðum

Innréttingar eru sérlega vandaðar en óski kaupandi eftir að hann þær þurfa þó að koma fram í tíma. Ítarleg kaupendahandbók fy

sölu hjá



I fyrir 60 ára og eldri

er að ræða íbúðir í þremur stigagöngum fyrir 60 ára ríbúðar. 44 bílastæði eru í bílageymsluhúsi og gert er ráð fyrir. Húsin eru einangruð og klædd að utan með litaðri málningu á að viðhald verði í lágmarki.

Mikið hefur verið lagt upp úr hönnun íbúðanna. Staðsetningin er einstök og því var t.d. lögð áhersla á að allar íbúðir hefðu sjávarútsýni.

Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna, að undanskildum baðherbergjum og þvottahúsgólfum sem eru flísalögð. Veggir baðherbergja eru flísalögðir í hurðarhæð og salerni upphengd. Sjónvarpsloftnets- og símatenglar eru í stofu og svefnherbergjum. Sérþvottahús eru í öllum íbúðum. Val er um þrjár viðartegundir í spónlögðum vönduðum innréttingum og hurðum. Heimilistæki eru frá AEG eða sambærileg, með burstaðri stáláferð.

Myndir myndavél í anddyri. Gólf eru tvöföld til aukinnar hlífðar.

fyrir 50 ára og eldri

erður einangrað að utan og klætt bárumálmklæðningu og er í hverja íbúð af svalagangi með glerskermun. Innangengt búðunum. Sameign verður skilað fullfrágenginni. Íbúðir á 3. hæð.



Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar án gólfefna að undanskildum þvottahúsgólfum og baðherbergjum sem verða flísalögð. Sérþvottaherbergi verða í öllum íbúðum. Gólfplötur verða einangraðar undir gólfhlögn til aukinnar hljóðeinangrunar. Kaupendur geta valið um þrjár viðartegundir í hurðum og vönduðum innréttingum. Sjónvarps-, loftnets- og símatenglar verða í stofu og svefnherbergjum. Mynddyrasími verður í öllum íbúðum.

ÞJÓNUSTUHÚS – HVERAGERÐI nýjung á Íslandi

Þjónustuhús ÍAV við Lækjarbrún í Hveragerði veita þér tækifæri til að njóta lífsins í faðmi einstakrar náttúru og hafa jafnframt aðgang að margvíslegri þjónustu Heilsustofnunar Náttúruvæðingafélags Íslands.



Við kaupin gerast eigendur íbúðanna aðilar að samningi við HNLFI sem veitir þeim aðgang að viðamikilli þjónustu Heilsustofnunarinnar gegn greiðslu mánaðarlegs grunngjalds. Í hverju húsi er öryggishnappur, lóðirnar eru slegnar reglulega og íbúar fá aðgang að baðhúsi, bókasafni og líkamsræktarsal HNLFI. Þá fá íbúar regluleg viðtöl við íþróttarfræðing og næringarfræðing, svo nokkuð sé nefnt af þeim þægindum sem íbúar þjónustuhúsanna njóta. Húsin eru sérlega glæsileg, hönnuð af Hróbjartí Hróbjartssyni arkitekt hjá VA arkitektum og eru staðsett rétt við Heilsustofnunina. Rómuð náttúrufergurð, friðsæld og nálægð við hvers kyns


þjónustu og heilsurækt eru nokkrir af þeim kostum til að njóta lífsins sem bjóðast í Hveragerði. Fallegar gönguleiðir allt í kring, golfvöllur, hesthús og margvísleg afþreying á svæðinu og kyrrð smábæjarins – allt hjálpar til við að gera Hveragerði að sælureit og þjónustuhúsi ÍAV að ákjósanlegum stað til að búa á.



Dæmi um 100 fm
3ja herbergja raðhús.



Dæmi um 86 fm
2ja herbergja raðhús.



Dæmi um 111 fm
3ja herbergja raðhús.

— Þessir hlutir fylgja ekki með íbúðum.

Rithöfundurinn heimskunnur var fædd Marguerite Donnadieu í Indókina, en hún er betur þekkt sem Marguerite Duras. Hún flutti ung til Frakklands, heimalands foreldra sinna, til að nema lögfræði, en gerðist rithöfundur í staðinn.

TÍMAMÓT

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI

Vilhjálmur Lúðvíksson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, er 65 ára í dag.

Magnús Oddsson ferðamálastjóri er 58 ára í dag.

Tómas A. Tómasson veitingamaður er 56 ára í dag.

Kári Waage, tónlistarmaður og textasmiður, er 46 ára í dag.

Gyrdír Elíasson skáld er 44 ára í dag.

Jakob Bjarnar Grétarsson blaðamaður er 43 ára í dag.

Fríðrik Guðjón Sturluson, tónlistarmaður og lagasmiður, er fertugur í dag.

Bergþóra Njála Guðmundsdóttir blaðamaður er 36 ára í dag.

ANDLÁT

Jóna Waage, Lindasíðu 31, Akureyri, er látin.

Lóa Stefánsdóttir, frá Akureyri, til heimilis í Vancouver, BC, Kanada, lést mánuðaginn 21. mars. Útförin hefur farið fram.

Sverrir Guðmundur Meyvantsson, Hrafnistu, Reykjavík, lést þriðjudaginn 22. mars. Útförin hefur farið fram í kyrþey.

Margrét Unnur Sveinsdóttir, Hrafnistu, Hafnarfirði, lést föstudaginn 25. mars.

Jónas B. Jónsson, fv. fræðslustjóri í Reykjavík, lést föstudaginn 1. apríl.

JARÐARFARIR

11.00 **Erna Sigurðardóttir**, Sjávargrund 6a, Garðabæ, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.

13.00 **Svanhvit Jónína Jónsdóttir**, Sólvangi, áður Öldugötu 4 (Gröf), Hafnarfirði, verður jarðsöngin frá Frikirkjunni í Hafnarfirði.

13.00 **Sigurður Sigurðsson**, verslunarmaður, Hverfisgötu 55, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.

13.30 **Jakobína Guðrún Júlíusdóttir**, Austurbýggð 17, Akureyri, verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju.

15.00 **Einar Bragi**, rithöfundur, Suðurgötu 8, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

1648 Grínlíng Gibbons, myndhöggvari.

1752 Nicola Antonio Zingarelli, tónskáld.

1892 Edith Södergran, ljóðskáld.

1915 Muddy Waters, tónlistarmaður.

1928 Maya Angelou, ljóðskáld.

TÍMAMÓT: EINAR BRAGI JARÐSUNGINN

Brautryðjandi kvaddur


Einar Bragi Sigurðsson skáld, sem lést fimmtudaginn 26. mars, verður jarðsöngin í dag. Einar Bragi fæddist 7. apríl 1921 og ólst upp á Eskifirði. Hann brautskráðist frá Menntaskólann á Akureyri 1944 og hélt til Svíþjóðar í nám og lagði stund á bókmenntir, lista sögu og leikhússögu. Einar Bragi var atkvæðamikill á ritvellingum, jafnt í skáldskap og þýðingum, og virkur í félags- og hagsmunastarfi rithöfunda. Einar var kvæntur Kristínu Jónsdóttur, en hún lést 1. nóvember 2004. Börn þeirra eru Borghildur og Jón Arnarr.

Séra Sigurjón Einarsson var vinur Einars Braga og minnst hans með söknuði. „Einar var traustur og vinfastur og það var alltaf ljúft að fagna honum á hlaði. Það var ídulega mikill gestagangur heima hjá honum og það gildi einu hversu önnum kafinn hann var, alltaf hafði hann tíma fyrir gesti sína.“

Einar og Sigurjón kynntust 1953 þegar Einar sneri heim frá Svíþjóð og voru lengi málkunnugir en um 1960 myndaðist sterkur vinskapur milli þeirra. „Þá voru stofnuð ágæt samtök herstöðvarandstæðinga sem Einar var mikill



SÉRA SIGURJÓN EINARSSON það var alltaf ljúft að fagna Einari Braga á hlaði.



EINAR BRAGI Einar Bragi gerðist höfuðboðberi módernismans á Íslandi með útgáfu á Birtingi á 6. áratugnum.

drifkraftur í. Sjálfur var ég mikið viðloðandi samtökin og okkur varð fljótt vel til vina.“

Sigurjón lýsir Einari sem margslungnum hæfileikamanni. „Hann var bæði gott skáld og vel ritfær eins og þýðingar hans votta. Þá gaf hann sér tíma til að skrifa fimm binda verk um sögu

æskulóða sinna, Eskifjörð. Við ferðuðumst mikið saman, innanlands sem utan. Hann var góður ferðafélagi og margar ferðirnar eru ógleymanlegar.“

Sigurjón minnst Einars ekki síst sem brautryðjandi í menningarlegum efnum. „Hann gerðist höfuðboðberi módernismans á Ís-

landi þegar hann hóf útgáfu á Birtingi á 6. áratugnum ásamt Thor Vilhjálmssyni, Herði Ágústssyni og fleirum. Þeir veittu nýjum straumum inn í íslenska menningu og voru miklir frumkvöðlar að því leyti. Framlag Einars Braga til íslenskrar menningar verður seint ofmetið.“ ■

Ráðstefna um áhrif EES-samningsins

Áhrif samningsins um evrópska efnahagssvæðið á útrás íslenskra fyrirtækja innan Evrópu verður efni alþjóðlegrar ráðstefnu sem haldin verður næsta föstudag. Ráðstefnan verður í ráðstefnusal Gullhamra í Reykjavík, en hún er haldin í samvinnu lögfræðideildar Viðskiptaháskólans á Bifröst, skrifstofu EFTA, EFTA-dómstólsins og Evrópunefndar forsætisráðuneytisins.

Fyrirlestra halda Carl Baudenbacher forseti EFTA-dómstólsins, Titus Van Stiphout yfirlögfræðingur EFTA, Poiars Maduro lögmaður Evrópudómstólsins og Þórunn Hafstein skrifstofustjóri EFTA. Að auki halda erindi Páll Gunnar Pálsson forstjóri Fjármálaeftirlitsins og Hildur Árnadóttir fjármálastjóri Bakkavarar Group.



VEFUR EVRÓPURÁÐSTEFNU BIFRÁSTAR Á vefslóðinni www.bifrost.is/radstefna er að finna upplýsingar um alþjóðlega ráðstefnu, sem haldin verður í vikulokin, um áhrif EES-samningsins á útrás fyrirtækja.

Fram kemur í tilkynningu að ráðstefnan sé haldin vegna aukinnar útrásar íslenskra fyrirtækja innan Evrópusambandsins, auk þess sem ástæða þyki til að staldra við og athuga hvort réttarreglur í Evrópurétti hafi hingað til haft áhrif á útrás íslenskra fyrirtækja eða hvort þær gætu haft áhrif á frekari útrás. „Meðal umræðuefna er stofnsetningaréttur og reglur um frjálst fjármagnsflæði innan EES.“

Þá verður skoðað hvert hlutverk EFTA-dómstólsins og Evrópudómstólsins er við að tryggja frjálst fjármagnsflæði innan sambandsins. Sérstakir fyrirlestrar verða síðan um EES-samninginn, eftirlit með fjármálastarfsemi og áhrif EES-samningsins á útrás Bakkavarar Group hf.“ ■



Innilegar þakkir ferum við öllum þeim er veittu okkur stuðning og hjálp í veikindum og við fráfall

Jónasar Þórðarsonar

frá Stóru-Vatnsleysu, Lækjarhvammi 20 í Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til heimahlynningar Krabbameinsfélags Íslands, fyrir ómetanlega aðstoð og styrk. Guð blessi ykkur öll.

Guðný Baldursdóttir og fjölskylda.



MYND/JOHANNES JANSSON, NORDEN.LORG

SAMKOMULAGIÐ UNDIRRITAD Menningarmálaráðherrar frá Suðaustur-Evrópu undirrituðu um mánaðamótin sögulegt samkomulag um aukid menningarsamstarf. Undirritunin var í tengslum við fund í Norrænu ráðherranefndinni.

Sögulegt samkomulag um menningarsamstarf

Um mánaðamótin skrifuðu tíu ráðherrar menningarmála frá Suðaustur-Evrópu undir samkomulag um að auka menningarsamstarf milli ríkja á svæðinu. Undirritunin fór fram í Kaupmannahöfn í tengslum við fund í Norrænu ráðherranefndinni.

Á vef Norðurlandaráðs kemur fram að sænski menningarmálaráðherrann, Leif Pagrotsky, hafi lýst sérstakri ánægju með samkomulagið. Hann sagði það eitt að fundurinn skuli hafa verið haldinn í sjálfu sér vera sögulegan viðburð. „En hann er einnig mikilvægur fyrir norræna samstarfið og mikilvægi þess,“ sagði hann.

Per Unckel, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar,

er einnig sagður hafa verið ánægður með fundinn og samkomulagið og eftir honum haft að menningin sé græðandi afl og samstarfið dæmi um norrænt samstarf upp á sitt besta. „Menningarmálaráðherrarnir tíu undirrituðu samkomulagið í tengslum við fund í Norrænu ráðherranefndinni og ríkin í Suðaustur-Evrópu eru undir miklum áhrifum frá samstarfinu innan ráðherranefndarinnar,“ segir á vefnum norden.is og stofnun nýs samstarfsvettvangs sagður hátindur menningarsamstarfs sem unnið hafi verið með ríkjum á Vestur-Balkanskaga undanfarið þrjú ár undir nafninu „Norðurlönd – Balkan – Menning – Víxlverkun“. ■

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



Miele Miele S371 Tango Plus ryksuga með 1600W mótör Verð áður kr. 21.300 **Tilboð: kr. 14.910**

30% afsláttur

Miele ryksugur á einstöku tilboðsverði

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

EIRVÍK

– hágæðaheimilistæki

GEISLI

Flötum 29, Vestmannaeyjum

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

LJÓSGJAFINN

Glerárgötu 34, Akureyri

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík

Sími 588 0200 - www.eirvik.is



„Yeni ufuk“

NÝ RÖDD Í ESB?

Morgunverðarfundur um Tyrkland og ESB í Háskólanum í Reykjavík, í dag kl. 8.30.



Formlegar viðræður um aðild Tyrklands að Evrópusambandinu (ESB) hefjast 3. október á þessu ári. Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík, Evrópusamtökin og Euro Info skrifstofan standa að opnum fundi með Dr. Haluk Gunugur, einum helsta sérfræðing Tyrkja í samskiptum við ESB og ráðgjafa tyrknesku ríkisstjórnarinnar í samningunum um aðild þeirra að Evrópusambandinu. Dr. Haluk Gunugur er lögfræðingur og fer fyrir Alþjóðadeild Háskólans í Izmir.

Allir velkomnir

Skráning hjá: kristinhulda@ru.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 • www.ru.is



Aðal frétt helgarinnar

Íslandsmeistaratiðill Brodda

Afreksmaðurinn Broddi Kristjánsson varð enn og aftur Íslandsmeistari í badminton í gær, 45 ára að aldri. Broddi vann sinn fyrsta Íslandsmeistaratiðill fyrir 25 árum og er enn í finu formi.

sport
sport@frettabladid.is

VIGGÓ SIGURÐSSON MEÐ FYRIRLESTUR FYRIR DÓMARA: FRÉTTIN VAR EKKERT APRÍLGABB

Beðinn um að lesa dómurum pistilinn

Öll stóru íþróttasamböndin voru með létt og skemmtileg aprílgabb nema Handknattleikssamband Íslands, HSÍ. Fréttin sem þeir birtu reyndist ekki vera neitt aprílgabb. Það þarf samt ekki að koma á óvart að margir hafa talið fréttina vera lélegt aprílgabb því í henni segir að Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari muni halda fyrirlestur á ráðstefnu EHF fyrir dómara og eftirlitsmenn.

Fyrirlesturinn á að vera um hvernig hægt sé að bæta samskipti dómara og þjálfara. Viggó hefur verið iðinn við að gagnrýna dómara í gegnum tíðina og fór síðast mikinn á HM í Túnis þar sem hann vandaði alþjóðlegum dómurum ekki kveðjurnar.



„Það er rétt að segja að ég sé að fara að lesa dómurum pistilinn með fullu leyfi þeirra,“ sagði Viggó léttur við

um miðjan mánuðinn. „Ég var beðinn um að taka þetta að mér og mér fannst það vera lítið mál.“

Fyrirlesturinn hjá Viggó verður eflaust beinskeyttur enda hefur maðurinn sterkar skoðanir á málefnum og gætu margir haldið að hann myndi tala um málið í marga klukkutíma en svo verður nú ekki.

„Ég hef mínar skoðanir á málunum og þetta er ágætis tækifæri til þess að koma þeim á framfæri. Ég er ekki búinn að semja erindið en mér detta strax nokkrir hlutir í hug sem mig langar að ræða,“ sagði Viggó Sigurðsson og bætti við að það væri fyrir löngu búið að negla þetta og því væri ekki um neitt aprílgabb að ræða af hálfu HSÍ þótt margir hafi talið svo vera.

Fréttablaðið í gær en fyrirlesturinn mun fara fram í Vínarborg

> Við hrósum ...

... Ólafur Stefánsson sem fór á kostum með Ciudad Real gegn Montpellier í bestu handboltadeild heims í gær. Ólafur sýndi og sannaði í leiknum að hann er enn einn af bestu handboltamönnum heims og fái standast honum snúning á góðum degi.



> Við mælum með ...

... að Hlynur Sigmarsson, formaður handknattleiksdeildar ÍBV, fari að fá sér eitthvað róandi fyrir leiki en dómara þurftu enn og aftur að hafa afskipti af honum á leik ÍBV og Víkings síðastliðinn fimmtudag vegna slæmrar hegðunar í stúkunni.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

1 2 3 4 5 6 7

Mánudagur

LEIKIR

- 19.00 Snæfell og Keflavík mætast í Stykkishólmi í lokaúrslitum Intersportdeildar karla í körfubolta.
- 19.15 Gróttu/KR og Stjarnan mætast á Seltjarnarnesi í úrslitakeppni DHL-deildar kvenna í handbolta.
- 19.15 Fram og Haukar mætast í Safamýri í úrslitakeppni DHL-deildar kvenna í handbolta.

SJÓNVARP

- 15.10 Skíðalandsmót Íslands á RÚV. Samantekt frá keppni á laugardegi.
- 15.30 Skíðalandsmót Íslands á RÚV. Samantekt frá keppni á sunnudegi.
- 15.50 Helgarsportíð á RÚV. Farið verður yfir helstu íþróttaviðburði helgarinnar.
- 16.10 Ensku mörkin á RÚV. Sýnd verða öll mörkin úr síðustu umferð ensku úrvalsdeildarinnar í fótbolta.
- 16.45 NBA-deildin á Sýn. Útsending frá leik Cleveland og Dallas í NBA-deildinni í körfubolta.
- 17.00 Þrumuskot á Skjá einum. Sýnd verða öll mörkin úr síðustu umferð ensku úrvalsdeildarinnar í fótbolta.
- 18.45 Intersportdeildin á Sýn. Bein útsending frá öðrum leik Snæfells og Keflavíkur sem mætast í Stykkishólmi í lokaúrslitum Intersportdeildar karla í körfubolta.
- 20.30 Boltinn með Guðna Bergs á Sýn.
- 22.00 Olíspport á Sýn.

Bragðgóðar fjölvítamintöflur með steinefnum



Fyrir fullorðna og börn eldri en 11 ára

Helgi og Ragna unnu tvöfalt

Íslandsmeistaramótið í badminton fór fram í TBR-húsinu um helgina, þar sem Helgi Jóhannesson og Ragna Ingólfssdóttir voru sigursæl. Ragna var að sigra þriðja árið í röð.

BADMINTON Skemmtilegu Íslandsmeistaramóti í badminton lauk í gær og segja má að þau Helgi Jóhannesson og Ragna Ingólfssdóttir úr TBR hafi verið sigurvegar mótsins, því þau unnu bæði tvöfalt, bæði í einliða- og tvíliðaleik karla og kvenna. Ragna vann tvíliðaleikinn ásamt Söru Jónsdóttur og Helgi varð Íslandsmeistari í annað sinn í gær þegar hann sigraði í tvíliðaleik karla ásamt Brodda Kristjánssyni. Í tvenndarleik voru það systkinin Tinna Helgadóttir og Magnús Ingi Helgason úr TBR sem sigruðu glæsilega eftir æsilegan úrslitaleik við Helga Jóhannesson og Rögnu Ingólfssdóttur.

Við náðum tali af Helga eftir að hann sigraði í einliðaleiknum, þar sem hann bar sigurorð af meistara síðasta árs, Tryggva Nielsen. „Ég byrjaði ekkert að æfa að neinu viti fyrir en eftir áramótin síðustu. Ég var í skóla og hafði þess vegna ekki mikinn tíma til að æfa, en ég var alveg að hlaupa og lyfta og þannig lagað. Eftir áramótin hef ég hinsvegar verið að æfa alla daga og hef gert mikið af því að spila. Ég stefndi að því að toppa á þessu móti núna og það heppnaðist þrýðilega.

Ég átti alveg eins von á að ná að vinna í einliðaleiknum og það er í raun allt búið að ganga upp hjá mér um helgina. Sjálfstraustið var í finu lagi og ég var bara að leika fint badminton. Mér tókst að vera ákveðinn og þora að gera það sem ég lagði upp með, sem gekk allt upp, þannig að þetta gekk eins og í sögu. Leikirnir í dag voru mjög erfiðir og það má eiginlega segja að þetta hafi verið mjög erfitt mót. Það er því enn sætara



ÍSLANDSMEISTARI Ragna Ingólfssdóttir sést hér kampakát með bikar og blóm í gær. Hún sigraði í einliðaleik kvenna þriðja árið í röð og varð einnig Íslandsmeistari í tvíliðaleik.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

að vinna þegar maður er í svona harðri keppni allt mótið,“ sagði Helgi.

Ragna Ingólfssdóttir sigraði þriðja árið í röð í einliðaleik kvenna og við spurðum hana hvernig hún færi að því að vinna svona ár eftir ár.

„Ég er búin að vera að æfa íþróttina síðan ég var 9 ára gömul og ég spilaði mjög mikið við bróður minn, sem gerði það að verkum að ég hafði alltaf mjög harða sam-

keppni. Mér hefur farið þokkalega mikið fram í ár held ég og það sem er að hjálpa mér mikið eins og í þessari keppni er það að ég er komin með talsverða reynslu, þó að ég sé ekki gömul.

Ég er ekkert stressuð núna þó að ég sé að fara í keppni og svona reynsla er að skila manni ansi langt, því ef maður er stressaður er maður fljótur að gera mistök og það er dýrt,“ sagði Ragna.

baldur@frettabladid.is

Gamall refur mætti á Íslandsmótið og fór heim með bikar undir hendinni:

Enn vinnur Broddi Kristjánsson

BADMINTON. Broddi Kristjánsson er margfaldur Íslandsmeistari í badminton og bætti enn einum titlinum í safnið í gær þegar hann varð Íslandsmeistari í tvíliðaleik

karla, ásamt Helga Jóhannessyni sem hafði mínútum áður tryggt sér titilinn í einliðaleik.

Broddi er enn í fantaformi, þrátt fyrir að vera kominn af

léttasta skeiði og við spurðum hann hvernig leikurinn hefði spilað og hvort hann ætti enn nóg inni.

„Við vorum mjög einbeittir og ákveðnir, en samt afslappaðir. Höggin voru að takast mjög vel og vörnin var góð hjá okkur. Við náðum að lyfta þeim aftarlega og svara svo með flötum og stuttum höggum, þannig að við náðum að teygja dálítið vel á þeim og þá fór þetta að detta fyrir okkur.

Ég reyni svona að hanga með í þessu á meðan ég get það og það veitir ekki af að hafa dálitla breidd í þessu herna því það munar mikið um það þegar menn eru að hætta. Ég held áfram á meðan líkaminn leyfir og maður reynir að gefa eitthvað áfram til þeirra sem yngri eru og miðla til þeirra reynslu. Það eru krakkar að koma upp í A-flokknum sem lofa góðu,“ sagði Broddi.

baldur@frettabladid.is



UNGUR NEMUR Helgi Jóhannesson naut góðs af reynslu Brodda Kristjánssonar í tvíliðaleiknum í gær og sjást þeir hér með sigurlaunin.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

LEIKIR GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin

FULHAM-PORTSMOUTH	3-1
0-1 Lomano Tresor Lua Lua (32.), 1-1 Andrew Cole (63.), 2-1 Brian McBride (81.), 3-1 Luis Boa Morte (90.).	
WBA-EVERTON	1-0
1-0 Zoltan Gera (63.).	

Deildarbikar karla

ÍA-GRINDAVÍK	2-0
Kári Steinn Reynisson (viti), Sigurður R. Eyjólfsson	
ÍBV-BREIÐABLIK	1-0
1-0 Steingrímur Jóhannesson (31.).	
ÞRÓTTUR-HK	6-0
Guðfinnur Ómarsson 2 (12., 20.), Páll Einarsson (40.), Jens Sævarsson (43.), Sævar Eyjólfsson (63.), Hallur Hallsson (87.).	

Deildarbikar kvenna

FH-KR	1-7
Kristín Sigurðardóttir (45.) - Hrefna Jóhannesdóttir 3 (60., 66., 88.), Ásgerður Ingibergsdóttir 2 (21., 86.), Vanja Stefanovic 2 (56., 89.).	
ÍBV-VALUR	2-5
Bryndis Jóhannesdóttir, Olga Færseth - Nina Ósk Kristinsdóttir 2, Dóra María Lárusdóttir, Dóra Stefánsdóttir, Laufey Ólafsdóttir.	

Spænska úrvalsdeildin

ATLETICO MADRID-R.MALLORCA	2-0
Gonzalo Colsa (26.), Fernando Torres, viti (59.).	
BARCELONA-REAL BETIS	3-3
Samuel Eto'o 2 viti (15., 81.), Giovanni van Bronckhorst (90.) - Joaquin 2 (11., 61.), Ricardo Oliveira (39.).	
LEVANTE-DEPORTIVO	0-1
- Diego Tristan (41.).	
MALAGA-GETAFE	1-1
Fernando Baiano (13.) - Victoriano Nano (31.).	
R. SANTANDER-ESPANYOL	1-3
Yossi Benayoun (35.) - Raul Tamudo (14.), Daniel Jarque (74.), Rodriguez Maxi (49.).	
SEVILLA-NUMANCIA	1-0
Claro Adriano Correia (68.).	
ALBACETE-REAL MADRID	1-2
Redondo (9.) - Helguera (15.), Owen (45.).	

Þýska Bundesliga

DORTMUND-HERTHA BERLIN	2-1
Ewerthon (24.), Ebi Smolarek (36.) - Arne Friedrich (62.).	
GLADBACH-BOCHUM	2-2
Peer Kluge (30.), Marcell Jansen (52.) - Vratislav Lokvenec (70.), Pletsch, sjm (90.).	

Þýski handboltinn

P. SCHWERIN-WILHELMSHAVE.	26-33
Gylfi Gylfason og Robertas Pauzuolis skoruðu báðir fimm mörk fyrir Wilhelmshavener.	
NORDHORN-GÖPPINGEN	39-30
Jaliesky Garcia Padron skoraði tvö mörk fyrir Göppingen og Andrius Stelmokas þrjú.	
GROSSWALLST.-GUMMERSB.	23-28
Snorri Steinn Guðjónsson skoraði átta mörk fyrir Grosswallstadt og Einar Hólmgeirsson þrjú.	

Þýski kvennahandboltinn

MAINZLAR-TUS WEIBERN	23-22
Jóna Margrét Ragnarsdóttir skoraði fjögur mörk fyrir Weibern, Dagný Skúladóttir og Sólveig Lára Kjærstedt voru báðar með tvö mörk. Elfa Björk Hreggviðsdóttir komst ekki á blað hjá Mainzlar.	

Danski handboltinn

AAB-AARHUS	30-35
Róbert Gunnarsson skoraði níu mörk fyrir Aarhus og Sturla Ásgeirsson eitt.	



Í VESTURBÆINN Ragnheiður Ragnarsdóttir, fjórfaldur Íslandsmethafi í skriðsundi og fjórsundi, hefur ákveðið að ganga til liðs við KR.

Áfall fyrir Hafnarfirðinga: Ragnheiður farinn í KR

SUND Ragnheiður Ragnarsdóttir, fjórfaldur Íslandsmethafi í skriðsundi og fjórsundi, hefur ákveðið að ganga til liðs við Sunddeild KR en hún hefur æft og keppt með SH undanfarin fjögur ár.

Ragnheiður hefur verið í fremstu röð allan þennan tíma í Hafnarfirði, hefur sett fjölda Íslandsmeta og unnið marga Íslandsmeistararitla bæði í skriðsundi og fjórsundi. Ragnheiður átti mjög gott ár í fyrra, keppti meðal annars í skriðsundi á ólympíuleikum en varð fyrir áfalli í upphafi vetrar þegar hún ökklabrotnaði í háliku.

Hún er öll að komast á fullt skrið á ný og vann meðal annars tvöfaldan sigur í 50 metra og 100 metra skriðsundi á Sundmeistaramóti Íslands á dögum.

Ragnheiður hóf æfingar með KR í byrjun vikunnar en næsta stórvorkefni hennar er þátttaka á Smáþjóðaleikumum í Andorra í lok maí auk þess sem hún stefnir einnig á þátttöku á HM í 50 m laug í Montreal í sumar, þar sem HM lágmarkin eru þessi í skriðsundi.

- ooj



GÓÐUR Jón Arnór skoraði 15 stig og gaf 7 stoðsendingar á 27 mínútum.

Rússneska körfuboltinn:

Jón Arnór að spila vel

KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson átti góðan alhliða leik með Dynamo St. Pétursborg í 26 stiga sigri liðsins á Ural-Great, 124-98, í rússnesku úrvalsdeildinni um helgina. Jón Arnór var með 15 stig, 7 fráköst og 7 stoðsendingar á félagi sína í leiknum þrátt fyrir að leika bara í 27 mínútur en 5 af 10 skotum hans fóru rétta leið og öll fjögur vítin.

Með þessum sigri fór Dynamo-liðið upp í 5. sæti í deildinni (14 sigrar - 9 töp) en það er nóg að gera hjá Jóni Arnóri og félagum á næstu dögum. Liðið á tvo leiki eftir í deildinni, gegn University Surgut (12. sæti) á heimavelli 6. apríl og erfiðan leik gegn Khimky (3.sæti) á útivelli 9. apríl. Tveimur dögum seinna, eða 11. apríl, mætir liðið Dynamo Moskva í seinni leik liðanna í 8-liða úrslitum rússnesku bikarkeppninnar. Moskvu-liðið er sem stendur í öðru sæti deildarinnar.

- ooj

Alonso vann annað mótið í röð

Renault-liðið er á fullri ferð í Formúlunni og vann enn einn sigurinn í Barein í gær. Michael Schumacher þurfti að hætta keppni á nýja Ferrari-bílnum eftir aðeins ellefu hringi.

FORMÚLA 1 Renault-liðið sannaði í gær að árangur liðsins í fyrstu keppnum ársins var engin tilviljun. Spánverjinn Fernando Alonso vann sitt annað mót í röð þegar keppt var í Barein og það sannfærandi. Ferrari reyndi að svara fyrir sig með því að mæta með nýja bílinn í keppnina en hann er greinilega ekki tilbúinn.

Nýi bíllinn hjá Ferrari virkaði hraður og Alonso játaði að hann hefði verið hraðari en Renault-bíllinn en endingin var engin því Schumacher þurfti að hætta keppni eftir aðeins ellefu hringi.

„Við vorum bjartsýnir á að geta klárað keppnina og við verðum klárir í næstu keppni sem er eftir þrjár vikur. Við erum sterkir og munum koma til baka. Ekki hafa neinar áhyggjur af því,“ sagði Michael Schumacher en hann þótti fela vonbrigði sín vel eftir keppnina en félagi hans, Rubens Barrichello, varð að gera sér áttunda sætið að góðu.

„Þetta var heitasti kappakstur sem ég hef tekið þátt í en bíllinn stóð svo sannarlega fyrir sínu,“



KÁTUR Fernando Alonso, til vinstri, var kátur með sigurinn í gær og fagnaði vel og lengi.

sagði dauðuppgjefinn Alonso við blaðamenn en Jarno Trulli á Toyota varð aftur að setta sig við annað sætið.

„Bíllinn var góður hjá okkur í dag. Okkur vantaði samt smá orku til þess að ná Fernando og við keyrðum frekar örugglega í ann-

að sætið í stað þess að ná bíl sem er svipaður okkar,“ sagði Trulli en félagi hans Ralf Schumacher varð fjórði.

henry@frettabladid.is

BMW 1 línan



www.bmw.is

Sheer Driving Pleasure

Eitthvað alveg einstakt

Öll viljum við fá ólíka hluti út úr lífinu. Nýja BMW 1 línan er hönnuð fyrir þá sem leggja áherslu á frelsi sitt sem einstaklingar. Hönnunin sker sig úr á öllum sviðum, jafnt að utan sem að innan. Í tæknilegu tilliti er 1 línan, líkt öðrum línunum frá BMW, í sérflakki og aksturseiginleikar eru framúrskarandi sem þakka má m.a. jafnri 50:50 þyngdardreifingu. Þá er úrval aukahluta og aukabúnaðar afar breitt, svo að persónulegi stillinginn þinn fái notið sín. Aldrei áður hefur verið jafn einfalt að fá sér einstakan bíl.

BMW 1 lína frá kr. 2.340.000



Gerð	Vél	Hestöfl	Verð	
116i	1,6	115	2.340.000	1 línan staðalbúnaður m.a. DSC stöðugleikastýring DTC spymustýring ABS aflihemlar með CBC og DBC Aksturstólva ipod tengi Starthnappur 5 eða 6 girar Runflat öryggisdekk
118i	2,0	129	2.530.000	
120i	2,0	150	2.730.000	
118d	2,0	122	2.610.000	
120d	2,0	163	2.820.000	

B & L

Grjóthálsi 1

sími 575 1200

www.bl.is



Með bíllinn handa þér

Bíll á mynd: 118d. Metallik lakki, samtlit huruhúsnar. (jafnlagðarvan, Xenon ljós, 17" alflgur



RÓLEGUR Gareth Barry, fyrirlíði Villa, þurfti að stöðva Bowyer í að lemja vin sinn og félag, Kieron Dyer.

Lee Bowyer og Dyer:

Báðust afsökunar

FÓTBOLTI. Á blaðamannafundi eftir leik Newcastle og Aston Villa í gær, sátu leikmennirnir skömmustulegir hvor sínu megin við knattspyrnustjóra sinn, Graeme Souness, og og báðust afsökunar eftir að hafa slegist eins og hundar inni á vellinum í tapleiknum í gær.

„Ég vil biðja knattspyrnustjórnann, stjórnarformanninn, félagi mína í liðinu, fjölskyldu mína og ekki síst aðdáendur liðsins afsökunar á framferði mínu á vellinum í dag. Ég ídrast gjörða minna af öllu hjarta,“ sagði Bowyer og Dyer tók í sama streng; „Við erum liðsfélagar og erum ekki sammála um allt, en svona lagað á ekki að gerast frammi fyrir 50.000 manns, ekki síst á svo mikilvægum tímamarki á tímabilinu,“ sagði Dyer.

Souness segist ekki enn hafa talað við stjórn félagsins og ákvarðað refsingu fyrir leikmennina. Sá möguleiki er fyrir hendi að þeim verði hreinlega vísað frá félaginu. „Liðið sjálf mun að sjálfsögðu beita refsingum ofan á þriggja leikja bannið sem er öruggt að þeir eiga í vændum,“ sagði Souness, en ljóst er að þeir munu báðir missa af bikarundanúrslitaleiknum við Manchester United þann 17. næstkomandi.

- bb



FYRIR HVAD DÓMARI? Dyer fékk rautt fyrir að láta Bowyer berja sig. Hann var ekki sáttur en báðst samt afsökunar.

Fullt af veikleikum í svæðisvörn þeirra

Hlynur Bæringsson býst við troðfullu húsi, betri hittni sinna manna og svaka leik þegar Keflavík kemur í heimsókn í Hólminn í öðrum úrslitaleik liðanna um Íslandsmeistarabikarinn.

KÖRFUBOLTI „Hittinn var hroðaleg í síðasta leik og allir lykilmenn liðsins voru að hitta miklu verr en þeir eru vanir og það má ekki gerast aftur,“ sagði Hlynur Bæringsson fyrirlíði Snæfells sem tekur á móti Keflavík í öðrum leik úrslitanna um Íslandsmeistararatil karla í körfubolta í íþróttahúsinu í Stykkishólmi í kvöld.

Keflavík vann fyrsta leikinn með 15 stigum og getur komist í 2-0 með sigri í Hólminum í kvöld en það er ekki á dagskránni hjá Hlyni og félögum hans í Snæfelli sem höfðu fyrir tapið í Keflavík á föstudaginn unnið fimm leiki í röð í úrslitakeppninni.

Nú er komið að þeim að reyna stoppa sigurgöngu Keflvíkinga en Keflavík hefur nú unnið fjóra leiki í röð og haldið mötherjum sínum undir 80 stigum í þeim öllum.

„Það verður alveg stappað í húsinu í kvöld og svaka stemning og við verðum bara að mæta til leiks og taka á þessu. Við verðum að vinna báða heimaleikina í þessari seríu ef við ætlum að eiga möguleika. Síðan fáum við þrjú tækifæri til þess að vinna í Keflavík. Þessi lið eru mjög jöfn en samt mjög ólík. Úrslit leikjanna fara algjörlega eftir því hvernig stíll er spilaður.“

Ef leikurinn fer fram á hálfum velli þá komum við til með að vinna flesta leikina en ef leikurinn fer fram á öllum vellinum og verður í kjölfarið miklu hraðari þá vinna þeir alla. Þetta snýst bara um það hvort liðið nær að stjórna hraðanum og spila sinn leikstíl,“ segir Hlynur sem veit um veikleika í hinni frábæru vörn Keflvíkinga sem hefur leikið mörg lið svo grátt að undanfögnu.

„Þeir spila svæðisvörnina þannig að þeir vilja ekki gefa neitt inni í teig því það er svo mikill stærðarmunur á þessum liðum. Við getum ekki leyft þeim það og þurfum að sækja meira inn í teig. Aðalástæðan fyrir því að þeir spila pressuvörn og svæðisvörn er að þeir vilja ekki að við séum inni í teignum.“

Það er fullt af veikleikum í þessari svæðisvörn, það er til dæmis aldrei stigið út og því er



EKKI GALLALOUS VÖRN Hlynur Bæringsson, fyrirlíði Snæfells, segir að liðið verði að vinna heimaleiki sína ætli það sé að vinna eitthvað.

audvelt að taka sóknarfráköst. Við vitum af þessum veikleikum og þurfum bara að nýta okkur þá eins og við getum,“ sagði Hlynur í samtali við Fréttablaðið í gær. Leikurinn hefst klukkan 19.00.

ooj@frettabladid.is

LYKILTÖLUR FYRSTA LEIKSINS:

Stig úr hraðauppláupum:

Keflavík 37, Snæfell 11

Stig úr teig:

Keflavík 30, Snæfell 22

2ja stiga skotnýting:

Keflavík 51%, Snæfell 37%

Tapaðir boltar:

Keflavík 11, Snæfell 23

Sóknarfráköst:

Snæfell 24, Keflavík 10



ASHLEY COLE Hugsanlega á leið yfir til Chelsea fyrir næsta tímabil.

Wenger er bjartsýnn:

Cole er ekki á förum

FÓTBOLTI Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, hefur fulla trú á því að enski landsliðsbakvörðurinn Ashley Cole verði áfram í herbúðum félagsins á næstu leiktíð en Cole hefur þrífaldlega verið orðaður við Chelsea síðustu mánuði.

„Ég tel að hann verði áfram hjá Arsenal og ég mun gera allt sem ég get til þess að halda honum. Næst á dagskrá er að framlengja samninginn á réttum launum,“ sagði Wenger. „Stjórnin vill halda honum, ég vil halda honum og allir vilja að hann verði ánægður.“

Arsenal mun engu að síður ekki setjast að samningaborðinu með Cole fyrr en enska knattspyrnusambandið hefur lokið rannsókn sinni á því hvort Chelsea hafi verið ólöglega í sambandi við bakvörðinn en bresku blöðin töldu sig hafa heimildir fyrir leyfingum á milli Coles og Jose Mourinho, stjóra Chelsea. - hb

1. deild karla í körfu:

Höttur upp í fyrsta sinn

KÖRFUBOLTI Höttur tryggði sér í gærkvöldi sæti í úrvalsdeild karla í fyrsta sinn í sögu félagsins og verður enn fremur fyrsta karla-liðið frá Austurlandi sem leikur í efstu deild í knattspyrnu, handbolta eða körfubolta.

Höttur vann stórsigur á Val, 91-56, í öðrum leik liðanna og einvígið því samtals 2-0 og tekur því ásamt Þór frá Akureyri sæti Tindastóls og KFÍ í Intersportdeildinni á næsta tímabili. Höttur vann fyrsta leikinn á Hlíðarenda 87-89 og þurfa Valmenn því að sætta sig við dvöl í 1. deildinni þriðja tímabilið í röð.

Höttur er 23. félagið sem kemst upp í úrvalsdeild en Fjölirnir náði einmitt frábærum árangri á sínu fyrsta tímabili í vetur – komst í bikarúrslitaleikinn og undanúrslit Íslandsmeistarans.

Körfuknattleikslið Keflavíkur hefur breytt um sérsvið og leggur nú mest upp úr sterkum varnarleik:

Þristarnir ekki lengur Keflvíkingum lífsnauðsynlegir?

KÖRFUBOLTI Keflvíkingar hafa unnið 6 af 8 leikjum sínum í úrslitakeppni Intersportdeildar karla í körfubolta og stefna ótrauðir á það að tryggja sér Íslandsmeistararatilinn þriðja árið í röð og í fimmta sinn á síðustu átta árum.

Keflavík vann fyrsta leikinn gegn Snæfelli með 15 stigum og vantar nú tvo til viðbótar til að verja titilinn annað árið í röð. Keflvíkingar hafa gegnum tíðina lagt mikið upp úr þriggja stiga skotum en nú má segja að öldin sé önnur.

3JA STIGA KÖRFUR KEFLAVÍKUR AÐ MEÐALTALI:

Tölur úr úrslitakeppninni á Íslandsmeistaraárum Keflavíkur:

1989:	4,8 þristar í leik
1992:	5,9
1993:	6,3
1997:	11,8 (40,3% nýting)
1999:	12,5 (41,6%)
2003:	11,3 (44,3%)
2004:	7,8 (38,5%)
Í samanburði við úrslitakeppnina í ár	
2005	5,4 (24,0%)

Í dag er það hin grimma pressuvörn og góð hraðauppláup í kjölfarið sem er helsti höfuðverkur andstæðinganna í stað skotsýninga utan af velli sem felldu mörg liðin á árum áður. Keflavíkurlíðið hefur sem dæmi „aðeins“ skorað 5,4 þriggja stiga körfur að meðaltali í leik í úrslitakeppninni í ár en það hefur þó ekki komið í veg fyrir að liðið hefur skorað rétt tæp 90 stig að meðaltali í leik.

Í fyrsta leiknum gegn Snæfelli skoraði Keflavíkurlíðið 37 stig úr hraðauppláupum á móti 3 stigum úr þriggja stiga skotum í uppsettum sóknum. Magnús Þór Gunnarsson skoraði allar fimm þriggja stiga körfur liðsins í leiknum þar af fjórar þeirra í hraðauppláupum.

Skotnýtingin er líka mun slakari en þegar Keflavík hefur orðið Íslandsmeistari á síðustu átta árum. Keflavík nýtti þannig yfir 40% þriggja stiga skota sinna 1997 (40,3%), 1999 (41,6%) og 2003 (44,3%) en nýtingin datt nið-



BESTA SKYTTAN Magnús Þór Gunnarsson hefur skorað 47% af þriggja stiga körfum Keflavíkur í úrslitakeppninni í ár. Fréttablaðið/Hari

ur í 38,5% í fyrra og er aðeins 24,0% það sem af er í þessari úrslitakeppni.

Snæfellingar mega þó ekki sofna á verðinum þegar liðin mætast í Hólminum í dag því að Keflvíkingar hafa nýtt þriggja

stiga skotin mun betur á útivelli (30% á móti 20% á Sunnubrautinni) og þar af hefur Magnús Þór Gunnarsson nýtt 12 af 23 þriggja stiga skotum sínum á útivelli í úrslitakeppninni í ár sem er 52% nýting. ooj@frettabladid.is

HELOSAN
RAKAKREM
fyrir alla fjölskylduna



Mýkjandi og rakagefandi

ÚR SPORTINU

Martin Jol, knattspyrnustjóri Tottenham, kippti sér lítið upp við viðbrögð framherja síns **Robbie Keane** í leik liðsins við Birmingham í gær, þegar **Keane** stormaði bölvandi til búningsherbergja í kjölfar þess að stjórninn tók framherjann **Mido** fram yfir hann í síðustu innáskiptingu sinni. „Ef hann ætlar að bregðast svona við því að þurfa að vera á bekknum einu sinni, verður hann bara að eiga það við sig, við höfum um nóg annað að hugsa,“ sagði **Jol**. „Við erum að hugsa um hvað er liðinu fyrir bestu en ekki bara honum. Við settum **Mido** inn á völlinn og sú skipting tókst bara ágætlega.“



Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, hefur loksins kastað inn hvíta handklæðinu og sagt að enski titillinn sé endanlega í höfn hjá Chelsea. Þessi ummæli Skotans komu í kjölfar svekkjandi jafnteflis hjá liði hans við Blackburn á heimavelli í gær, þar sem United fékk nokkur dauðafæri í fyrri hálfleik en náði ekki að nýta sér þau. United þurfti einnig að sjá á eftir öðru sætinu í hendur Arsenal sem sigraði Norwich 4-1. „Nú verður um við bara að einbeita okkur að því að ná öðru sætinu,“ sagði **Ferguson**.



David O'Leary, knattspyrnustjóri Aston Villa, var orðlaus eftir að hafa orðið vitni að slagsmálunum milli leikmanna Newcastle í leik liðanna í gær. „Ég hef aldrei séð annað eins, það er það eina sem ég vil segja. Ég óska **Graeme Souness** eða liðinu einskis svona illt. Ég ber virðingu fyrir liði Newcastle og áhagendum þess og það er það eina sem ég vil segja um málið,“ sagði stjórninn, sem greinilega hefur þurft að bita í tungu sína til að lýsa ekki yfir frekari hneykslan sinni á atvikinu, sem gerði Villa-liðinu kleift að hafa auðveldan 3-0 sigur í leiknum.



Lið Ferrari í Formúlu 1 skartaði sérstökum sorgarkerkjum á bílunum sínum í keppni gærdagsins til að minnst **Jóhannesar Páls** páfa sem lést í fyrirkvöld. Ítalska liðið hafði nýlega farið til fundar til páfa og því var fráfall hans mönnum eins og **Michael Schumacher** mjög sárt. „Ég er mjög dapur yfir fráfalli hans,“ sagði heimsmeistarinn. Ítalski ökupórin **Jarno Trulli** ók með kveðjuna „Takk páfi“ á hjálmi sínum í keppninni, en öllum íþróttaviðburðum á Ítalíu um helgina var frestað vegna dauða páfans.



Lið Denver Nuggets í NBA-deildinni í körfubolta komst í nótt upp í sjöunda sæti vesturdeildarinnar með sigri á Portland Trailblazers á útivelli, 103-97. Með sigrinum komst liðið upp fyrir Memphis Grizzlies í sjöunda sætið og verður Denver að teljast til alls líklegt í úrslitakeppninni sem hefst eftir nokkrar vikur, því þeir hafa unnið 17 af síðustu 19 leikjum sínum og eru heitasta liðið í deildinni í dag. Það var **Carmelo Anthony** sem var stigahæstur í jöfnu liði Denver með 23 stig og ljóst að liðið hefur öðlast nýtt líf eftir að **George Karl** þjálfari tók við þeim í vetur.



ÓLAFUR STERKUR Ólafur Stefánsson átti mjög góðan leik fyrir Ciudad Real í gær sem lagði Montpellier með sex markum á heimavelli.

Undanúrslit í Meistaradeildinni í handbolta:

Sigur hjá Ólafi og félagum

HANDBOLTI Fyrri leikirnir í undanúrslitum Meistaradeildarinnar í handbolta fóru fram um helgina. Á laugardag tóku Evrópumeistarar Celje Lasko á móti spænska stórlíðinu Barcelona á hinum geysisterka heimavelli sínum í Celje og sigruðu heimamenn með þriggja markum, 34-31.

Sjarhei Rutenka fór á kostum í liði heimamanna og skoraði 11 mörk en Iker Romero var markahæstur í liði gestanna með 10 mörk.

Það verður þrautin þyngri hjá slóvenska liðinu að verja þetta forskot í síðari leiknum á Spáni enda er spænska liðið ekki síður erfitt heim að sækja og hallast flestir að því að þeir muni tryggja sér sæti í úrslitunum.

Í gær mættust síðan Ciudad Real og Montpellier á Spáni en franska félagið kom skemmtilega á óvart með því að slá út þýska félagið Flensburg í átta liða úrslitum keppinnar. Eftir frekar rólega byrjun tóku heimamenn, með Ólaf Stefánsson í broddi fylkingar, leikinn í sínar hendur og þeir unnu með sex markum, 30-24.

Þeir fengu kjörið tækifæri til þess að ná sjö markum forystu undir lokin þegar þeir fengu vítakast. Ólafur Stefánsson tók vítið en franskur markvörðurinn greip slaka vippu Ólafs. Annars átti Ólafur mjög góðan leik, skoraði sex mörk, gaf fjölda stóðsendinga og var einn besti maður leiksins ásamt markverðinum Javier Hombrados.

- hbg

Fermingartilboð



Frábær unglíngarúm með tvöföldu gormakerfi

Verð frá kr. 27.930



Flott rúmteppi í öllum stærðum og gerðum

Verð frá kr. 4.300



Hágæða sængur og heilsukoddar

30% afsláttur
ef keypt er sæng og koddur saman



Gott úrval af vönduðum sængurvarasettum



Mán-fös: 10-18, lau: 11-15

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500
Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504
Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

Hanski nitril



TUNCLUB RV2030G

REKSTRARVÖPULISTINN VINNUFATNAÐUR



Rv

Sími 520 6666 • www.rv.is • Réttarháls 2



www.hlutverk.is

TRYGGJUM ÖLLUM HLUTVERK!

Samtök um vinnu- og verkþjálfun

Bylgjan 989

Bjarni Ara
Alla virka daga kl. 13-16




Rekstrarvörulistinn er kominn út

pur- og blautmoppað með sama áhaldinu. Sérlega handhægt ræstítæki – auðveld áfylling, einfalt í notkun.

Nýjung í ræstingum
Unilav ræstítæki með 40 cm moppugrind

Rekstrarvörur - vinna með þér

Réttarháls 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



STUÐ MILLI STRÍÐA :: Sharp eða Shrap?

SMÁRI JÓSEFSSON SEGIR FRÁ MANNI SEM TALDI SIG HAFA GERT KJARAKAUP



Á tímum internetsins og lágs gengis Bandaríkjadalsins, vilja menn fara ýmsar króka-leiðir til að gera kjara-kaup. Sumir kaupa sér alls kyns góðgæti á uppboðsvefnum eBay, aðrir fjárfesta í gegnum ættmenni á erlendri grundu og fá svo einhvern góðkunningja til að flytja dýrgripinn með sér inn í landið í þeirri von um að sleppa við tolla.

Maður nokkur í Vesturbænum hugðist einmitt ganga þessa

leið eftir að hafa fundið forlata Sharp-heimabíó á netinu fyrir 19 þúsund krónur. Um var að ræða hátalara og magnara af bestu gerð ásamt DVD-spilara eins og þeir gerast bestir. Kappinn gerði verðsamanburð úti um víðan völl og sá ekkert annað í stöðunni en að hér yrðu sparadar tugir þúsunda íslenskra króna. Félagi mannsins, sem búsettur er erlendis, fékk svo það verkefni að koma með tækin til landsins í einu jólafríinu. Kappinn slapp við tollinn og 19 þúsund króna heimabíóið komið heim í hús, fjölskyldunni til mikillar gleði yfir hátíðarnar.

Það var kvöld eitt milli jóla og nýárs að kappinn bauð

nokkrum vinum til að horfa á nýja DVD-mynd í heimabíóinu góða. Félagarnir tóku þessu fagnandi og ákváðu að gera sér glaðan dag með vininum.

Um miðbik myndarinnar komu undarleg hljóð úr hátölur-unum, magnarinn tók að drepa á sér auk þess sem myndgæðin fóru dvínandi. „Hvað er eiginlega að þessu?“ sagði hinn nýi eigandi, frekar pirraður.

Félagarnir reyndu hvað þeir gátu til að ráða fram úr vandanum. Þá barst athygli eins þeirra að vörumerki tækjanna. „Ha? Þetta er ekki Sharp. Þetta er Shrap!“ Hafði kappinn verið plataður illilega og keypt köttinn í sekknum. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



■ TÓNLIST

Steintryggur á tónlistarhátíð

Hjómssveitin Steintryggur leikur á tónlistarhátíð í Kaupmannahöfn 9. apríl næstkomandi sem kallast Spring Break og er haldin á tónleikastaðnum Vega.

Hátíðin stendur yfir í þrjá daga og koma þar fram ýmsar hljómssveitir frá Norðurlöndunum og Þýskalandi. Steintryggur mun leika efni af plötu sinni Dialog sem kom út í lok ársins 2003 hér á landi auk þess sem hún mun spila lög af væntanlegri plötu. Dialog kom út í Evrópu 21. mars og hefur fengið jákvæð viðbrögð. Hafa lög af henni meðal annars verið spiluð í breska ríkisútvarpinu, BBC. Steintryggur stefnir síðan að því að spila víðar um Evrópu á næstunni, meðal annars í Skotlandi.

Með Steintryggi, sem samanstendur af slagverksleikurum Sigtryggi Baldurssyni og Steingrími Guðmundssyni, leika á tónlistarhátíðinni þeir Roland Hartwell, fiðluleikari sem starfar með Sinfóníuhljómssveit Íslands, og Hadji Tekbilek, tyrkneskur tónlistarmaður búsettur í Stokkhólmi, sem leikur meðal annars á Saz, Oud, Zurna og Ney flautu. ■



STEINTRYGGUR. Dúettinn spilar á tónlistarhátíð í Kaupmannahöfn á næstunni.

■ FÓLK

Mel C ræðst á Britney

Ef stjórnurnar komast ekki í fréttirnar fyrir eigin verk eða athæfi er best að býsnast yfir öðrum.

Mel C, sem er þekkt fyrir fátt annað en að vera hluti af Spice Girls flokknum finnst Britney Spears ganga of langt í því að reyna að vera kynþokkafull. „Mér býður við þessari breytingu sem hefur átt sér stað hjá Britney. Hún hefur farið úr því að vera saklaus skólástúlka yfir í fleðulega stjórn sem reynir að gera

allt að einhverju kynlífstengdu.“ Eflaust hefur Mel C eitthvað til sín máls. Britney, sem skaust upp á stjórnuhimininn árið 1999 þá átján ára, verður seint sökuð um að klæðast á „hefðbundinn“ hátt. Henni til varnar verður þó að segja að það er hún sem selur plöturnar og fyllir tónleikahallir en ekki Mel C, svo eitthvað er hún að gera rétt. ■

MEL C Segir Britney vera fleðulega stjórn sem reynir að gera allt að einhverju kynlífstengdu.



Tónlist fyrir tiskusýningar

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Menn í tónlistarpressunni eru búnir að vera keppast við að hrósa þessari plötu hérna, LCD Soundsystem. Helsta ástæða þess er að höfuðpaur sveitarinnar James Murphy hefur gerst svo frægur að vinna með N.E.R.D., David Holmes, Junior Senior og The Rapture. Hann hefur líka gerst svo frægur að afþakka samstarf við Britney Spears, Janet Jackson og að semja tónlist fyrir Seinfeld.

Það var því með miklum áhuga sem ég setti þennan disk í spilarann. Það er frábært þegar diskur standa undir lofsyrðunum, en frekar mikil vonbrigði þegar þeir gera það ekki. Þessi gerði það ekki við fyrstu hlustun.

Kannski er Murphy bara

óheppinn. Kannski er hann búinn að gefa öðrum svo mikið af sér að loksins þegar hann gerir plötu sjálfur þá hljómar hún kunnuglega. Þetta er ágætis indí-diskó og við frekari hlustun batnar hún. Þessi tónlist á líka án efa eftir að vera leikin undir nokkrar tiskusýningar á næstu mánuðum. Murphy hlýtur svo að byrja með einhverri fyrirsetu. Þetta er töff tónlist, það fer ekki á milli mála.

Ég ætla þó ekki að missa mig yfir þessu eins og ég hef séð svo marga kollega mína gera í erlendu pressunni. Helsta ástæðan fyrir því er að mér finnst þetta ekki nægilega áhugaverðar laga-smíðar. Útsetningarnar eru margar skemmtilegar, en aldrei risastórt framfaraskref í þágu tónlistarþróunar. Ég get ekki annað en



LCD SOUNDSYSTEM

NIÐURSTAÐA: Frumraun LCD Soundsystem er um margt áhugaverð plata. Hún á þó líklegast ekki eftir að standast þau lofsyrði sem hún er með frá erlendu pressunni. Sæmílegasta plata, ekki mikið meira en það.

spurt sjálfan mig að því hvort ég hefði orðið fyrir vonbrigðum ef ég hefði ekki verið búinn að lesa svona marga góða dóma áður? Kom eggjð á undan hænunni?

Birgir Örn Steinarsson

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftara á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Talstöðin
FM 90,9

Ávaxtakarfan
I AUSTURBÆ

Jónsi
Immi Árnadóttir

...Ég er voldugur og líka holdugur. Enginn hér er betri en ég. Ég um mig frá mér til mín. Það getur enginn jafnast á við mig.

Því ég er Immi best eins og sést. Ég ætla að verða konungur í ríkinu.....

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18
pantánir í síma 551 4700
www.avaxtakarfan.is

Sunudagur 10. Apríl kl: 13:30
Sunudagur 17. Apríl kl: 13:30
Sunudagur 24. Apríl kl: 13:30
www.midi.is

Sýnt í Borgarleikhúsinu!

Fimmtudagur 21. apríl FRUMSÝNING kl. 14.00
- Sumardagurinn fyrsti

Laugardagur 23. apríl 2. sýning kl. 14.00
Sunnudagur 24. apríl 3. sýning kl. 14.00
Sunnudagur 1. maí 4. sýning kl. 17.00
